



SKOÐUN Baldur Þórhallsson fer yfir Evrópustefnu stjórnmálaflokkanna. **15**



MENNING Dúndrað í glerþakið. Hallfríður Ólafsdóttir hljómsveitarstjóri. **16**



LÍFID Björk og Patti Smith og fleiri á stórtónleikum í Hörpu 18. mars. **24**



SPORT Karlalandsliðið í knattspyrnu ætlar sér sigur í Wales í kvöld. **26**

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

5. mars 2014
54. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Stofna leigufélag að norrænni fyrirmynd

Sjóðir á vegum GAMMA hafa búið til Leigufélag Íslands sem á nú um 350 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu en ætla sér að fjölga þeim um 850 íbúðir á næstu þremur árum.

FRÉTTIR

600 íbúðir á Hlíðarenda

Brátt verður hafist handa við að byggja nýtt íbúðahverfi á Hlíðarenda. Fyrstu íbúðarnir flytja inn 2016. Þar verða um 600 íbúðir, en talið er að uppbygging hverfisins muni kosta allt að 30 milljörðum króna. **4**

Átök í Úkraínu Pútín Rússlandsforseti segir beitingu vopnavalds á Krímskaga vera þrautáurræði. Bandaríkjamenn hafa heitið stjórnvöldum í Úkraínu aðstoð. **6**



Bolungarvík	0°	NA	3
Akureyri	0°	N	3
Egilsstaðir	3°	NA	7
Kirkjubæjarkl.	2°	SV	10
Reykjavík	2°	V	6

HVESSIR 5-TIL Fremur hæg breytileg átt í fyrstu en gengur í stífa suðvestanætt syðra síðdegis og bætir í ofankomu. Úrkomulaust N-til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Opnar á þjóðaratkvæði ef stjórnarskrá verður breytt

Forsætisráðherra útilokar ekki að ákvörðun um framhald ESB-viðræðanna verði lögð í hendur þjóðarinnar. Til þess að svo verði, þurfi hins vegar að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæðagreiðslur.

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir ekki loka fyrir það skotið að kosið verði um áframhald viðræðna við Evrópusambandið á þessu kjörtímabili. Til að svo verði þurfi hins vegar fyrst að koma í gegn breytingum á stjórnarskránni svo hægt sé að kalla til bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, en ekki ráðgefandi eins og hingað til hefur tíðkast.

„Ef menn eru að tala um umsókn að aðild að ESB þyrfti að vera til staðar heimild til að halda raunverulega þjóðaratkvæðagreiðslu, bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki bara svona könnun, eða ráðgefandi,“ segir Sigmundur í samtali við Fréttablaðið.

Í kosningabaráttunni lagði Framsóknarflokkurinn áherslu á að skýrt verði í stjórnarskrá hvernig hægt verði að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu og stjórnarskrárnefnd sem nú er að störfum hefur það verkefni meðal annars á sinni könnu.

Sigmundur segir að til þess gæti komið að stjórnarskránni yrði breytt á þessu kjörtímabili, en til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla um ESB-málið kæmi til greina „þyrfti að vera til staðar heimild til að halda raunverulega þjóðaratkvæðagreiðslu, bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu“.

Hann bætir við: „Eins og sakir standa þá er ekki hægt að halda bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu,

Skilur að fólk vilji sem mest val

Spurður að því hversu þungt það vegi í huga hans að 45.000 manns hafi óskað eftir að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um hvort aðildarviðræðum verði fram haldið segir Sigmundur:

„Ég hef mikinn skilning á því að fólk vilji hafa sem mest val og sé hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hef sjálfur barist fyrir því að fólk fengi að afgreiða mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sú þjóðaratkvæðagreiðsla, [...] þegar til hennar kemur, þarf að vera þess eðlis að það sé hægt að framfylgja niðurstöðunni.“

eingöngu ráðgefandi og um leið kemur fram í stjórnarskrá að [þingmenn] séu ekki bundnir af neinu nema sannfæringu sinni.“

Forsætisráðherra var í viðtali í Kastljósi í gærkvöldi þar sem hann sagði meðal annars að Sjálfstæðisflokkurinn hafi í

stjórnarmyndunarviðræðnum síðasta vor ekki sett fram kröfu um þjóðaratkvæðisgreiðslu um ESB-mál og að framámennt innan ESB hefðu krafist þess að Ísland myndi skýra stöðu sína gagnvart aðildarviðræðunum.

- þj, js / sjá síðu 12



LITID UPP MILLI LEIKJA Reykjavíkurskák mótið, hið fimmtugasta í röðinni, hófst í Hörpu í gær. Á meðal keppenda á mótinu eru 27 stórmeistarar og þrjátíu alþjóðlegir meistarar og því ljóst að baráttan verður afar hörð. Þessi keppandi leit stuttlega af skákborðinu á meðan andstæðingurinn var niðursokkinn í að meta stöðuna.

Daði Einarsson hjá RVX: Ánægður með Óskarsverðlaun

KVIKMYNDIR Daði Einarsson hjá fyrirtækinu Reykjavík Visual Effects (RVX) átti stóran þátt í tæknivinnslu kvikmyndarinnar

Gravity sem var sigurvegari Óskarsverðlaunanna í ár. „Ég vann náíð með leikstjóra myndarinnar, Alfonso Cuarón, við að vinna úr handritinu og stýrði

hópi sem animeraði myndina frá upphafi til enda,“ segir Daði Einarsson, listrænn stjórnandi hjá RVX. Gravity hlaut sjö verðlaun, meðal annars fyrir leikstjórn, tæknibrellur, tónlist og kvikmyndatöku.

glp / sjá síðu 30

Búnaði og þjálfun slökkviliða er ábótavant með tilliti til gróðurelda: Ein áætlun vegna gróðurelda

ÖRYGGISMÁL Aðeins ein viðbragðsáætlun hefur verið unnin um skipulag og stjórnun aðgerða vegna gróðurelda á Íslandi auk þess sem búnaði til slökkviliða er ábótavant. Þrátt fyrir vitundarvakningu um þá hættu sem af gróðureldum stafar eru hendur sveitarfélaga bundnar vegna fjárskortis.

„Nei, þessi áætlun er sú eina en nokkrar eru á teikniborðinu,“ segir Víðir Reynisson hjá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, spurður hver staða þessara mála sé, en árið 2011 var unnin ítarleg áhættuskoðun af embætti Ríkislögreglustjóra.

Víðir segir að þéttbýl sumarhúsasvæði þar sem er mikill gróður verði að ganga fyrir. „Við

erum frekar illa stödd, mundi ég segja,“ bætir hann við spurður um hver staðan sé almennt. „Bæði vegna þess að búnaður og þjálfun slökkviliðanna hafa ekki miðast við að takast á við stóra atburði tengda gróðureldum. Það er enn þá langt í það að við séum vel í stakk búnin til að takast á við þetta, með vel búnum og þjálfuðum mannskap.“

- shá / sjá síðu 8.

Endurnýjuð orka

Næsta námskeið, 7. mars. Tvær vikur

heilsu
hotel
islands
Sími 512-8040

Aukakílóin burt!
á heilsusamlegan hátt



SPURNING DAGSINS



Pórolfur, kostar þetta ekki gras af seðlum?

„Jú, en við græðum helling.“

Pórolfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar, segir stefna í kalskemmdir á tónum vegna viðvarandi klaka í borginni. Viðbúid sé að sá purfi fræjum í sárin.

Eftirlitsstofnun EFTA gerir fjölþættar athugasemdir í nýrri úttekt:

Ónægt eftirlit með alifuglarækt

LANDBÚNAÐUR Íslensk yfirvöld þurfa að bæta opinbert eftirlit með framleiðslu alifuglakjöts til að tryggja að það samræmist EES-reglum um matvælaöryggi, samkvæmt Eftirlitsstofnun EFTA, ESA.

Úttekt ESA sem birt var í gær leiðir í ljós annmarka á opinberu eftirliti hér á landi. Eftirlit í sláturhúsum er á höndum starfsmanna sem hafi ófullnægjandi þjálfun, án þess að opinberir dýralæknar séu viðstaddir. Þar að auki hafi starfs-

leyfi verið veitt án þess að skilyrði EES væru að fullu uppfyllt.

Meðal annars var bent á annmarka á hönnun og viðhaldi bygginga og búnaðar sem og verkferlum við þrif. Einnig þykir örverufræðieftirlit með alifuglakjöti og öðrum alifuglaafurðum hafa verið ófullnægjandi og innra eftirlit matvælaframleiðenda með eigin framleiðslu sé ófullnægjandi.

Matvælastofnun hefur tekið athugasemdum sem fram komu í



HÆNSNABÚ Íslensk yfirvöld þurfa að bæta eftirlit með alifuglarækt að mati ESA.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI skýrslunni til greina og sett fram aðgerðaráætlan til að bregðast við tilmælum ESA.

Handtekinn fái greiðslu:

Lögreglan bæti horfinn bjór

SVÍPJÓÐ Lögreglan í Svíþjóð þarf að greiða manni 100 sænskar krónur í bætur, jafngildi tæpra 1.800 íslenskra króna, vegna þoka með bjór og kartöflulögum sem hvarf sporlaust.

Lögreglan yfirheyrði manninn í Arvika en hann var síðan fluttur til Karlstad eftir handtökuna.

Þegar hann var svo látinn laus var poki með téðum bjór og flögum, sem hann hafði haft með sér, horfinn, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá.



KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐ Brasilísk kona situr við hrúgu af búningum, fjöðrum og munum sem fáeinum stundum áður voru miðpunktur athyglinnar.

Eftirhreytur kjötkeðjuhátíðarinnar í Rio de Janeiro:

Gera gott úr fölnuðum fjöðrum

RIO DE JANEIRO Kjötkeðjuhátíðinni í Ríó er nú lokið. Á ári hverju falla til býsinn öll af búningum, fjöðrum og öðrum skrautmunum sem eru notuð í hátíðahöldunum. Þetta rusl, sem skömmu áður er miðpunktur athyglinnar í hátíðahöldunum, er skilið eftir á götum úti.

Í borginni er fjöldi fólks sem nýtir sér þetta fyrirkomulag og sankar að sér þessu rusli til að selja eða nýta að nýju áður en ruslabíllarnir koma og hirða upp af götunum og ýmist selja eða búa til úr því nýja búninga sem notast að ári liðnu.

Vinsæl rafræn auðkenni:

100 þúsund Íslyklar afhentir

STJÓRNSÝSLA Íslykill númer 100 þúsund var gefinn út af Þjóðskrár Íslands í gær. Fyrsti Íslykillinn var afhentur í apríl í fyrra, og tók því innan við ár fyrir lykllana að ná þessum áfanga, að því er fram kemur á vef Þjóðskrár Íslands.

Íslykillinn er sérstakt lykilorð á netinu tengt kennitölu sem notað er við innskráningu á vefnum island.is, á vefjum stofnana, sveitarfélaga, félagsamtaka og fyrirtækja. Lykilinn má í dag nota á átta tíu vefsvæðum, og eru daglegar innskráningar á bilinu tíu til fimmtán þúsund á hverjum degi. Upplýsingar um Íslykla og eigendur þeirra eru dulkóðaðar og því ekki vitað hver fékk lykilmúmer 100 þúsund.

30 þúsund ára veira vaknar:

Smitar enn eftir vist í sífrera

VÍSINDI Veira sem hafði verið frosin í sífreranum í Síberíu í um 30 þúsund ár vaknaði eftir að vísindamenn þíddu hana. Þeir segja að þrátt fyrir þessa löngu vist í frystinum sé hann enn hættulegur amöbun og geti smitað.

Mönnum er ekki talin stafa hættu af veirunni, en vísindamennirnir segja í samtali við BBC að þeir óttist að aðrar veirur sem hafa verið frosnar lengi geti valdið hættu.

Sífrerinn í Síberíu er að minnka, auk þess sem námur og borholur gætu hleypt gömlum veirum á borð við bólusóttarveiru aftur í umferð.

Antikbúðirnar tínast burt úr miðborginni

Tvær af fjórum antikverslunum í miðborginni ætla að loka um næstu mánaðamót. Antikmunir hætta eftir 40 ára rekstur. Eigandinn segir of dýrt að reka verslanir eins og þessa í miðbænum. Fríða frænka hættir á toppnum segir eigandinn.

VERSLUN Eigandi verslunarinnar Antikmuna á Klapparstíg hefur ákveðið að loka versluninni eftir 40 ára rekstur í miðborginni. Versluninni verður lokað eftir næstu mánaðamót, um svipað leyti og Fríðu frænku. Eftir verða tvær antikverslanir í miðborginni, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

„Þegar maður stendur á krossgötum er bæði ákveðin eftirvænting í því að takast á við eitthvað nýtt, en um leið söknuður eftir þessu gamla. Ég er búinn að vera hérna í rúmlega tuttugu ár,“ segir Ari Magnússon, eigandi Antikmuna.

Ari segir húsnæðið einfaldlega of dýrt miðað við veltu verslunarinnar. „Það koma alltaf tískusveiflur í þessum bransa, það var til dæmis mjög mikið um að vera á tíunda áratugnum,“ segir Ari.

„Það komu til mín ungar athafnakonur sem leist svo vel á þennan stað og langar til að vera með verslun með hönnun fyrir túristana. Mér leist svo ljómandi vel á þetta að ég ákvað að leigja þeim húsnæðið,“ segir Ari.

Antikmunir tóku til starfa á Laufásveginum árið 1974, en móðir Ara tók við rekstrinum tveimur árum síðar. Verslunin var svo flutt á Klapparstíginn árið 1992, en þá hafði Ari hætt á sjó og tekið við rekstrinum af móður sinni.

„Við verðum með opið áfram fram í fyrstu vikuna í apríl,“ segir Ari. Hann segir mikið til af fallegum munum og allt verði selt á útsölu áður en versluninni verði lokað. Útsalan hefst á fimmtudag.

Hann segir árin í miðborginni hafa verið góð, en segir fram-



HÆTTIR Viðskiptavinir geta kíkt í Antikmuni út fyrstu vikuna í apríl en eftir það verður versluninni lokað eftir rúmlega 20 ár við Klapparstíginn, segir Ari Magnússon, eigandi verslunarinnar.

kvæmdir þar hafa sett skugga á þann tíma. „Það hefur verið mjög erfitt fyrir reksturinn þegar framkvæmdir sem hafa verið í gangi hér hafa dregist úr hömlu.“

Ari er þó ekki alveg hættur í antikvörunum, því hann ætlar að koma sér upp aðstöðu til að gera við og verðmeta fyrir þá sem hafa áhuga á slíkri þjónustu.

Antikmunir er ekki eina antikverslunin í miðborginni sem fer að loka dýrunum í síðasta skipti. Verslunin Fríða frænka skellir í lás um mánaðamótin, segir Anna Ringsted, eigandi verslunarinnar.

„Ég ætla að hætta á toppnum, mig langar til að breyta til. Það fylgir þessu brjálæðislega mikil

„Þegar maður stendur á krossgötum er bæði ákveðin eftirvænting í því að takast á við eitthvað nýtt, en um leið söknuður eftir þessu gamla.“

Ari Magnússon, eigandi Antikmuna

vinna, og ég ákvað að hætta áður en ég fengi nóg,“ segir Anna.

Hún segir reksturinn blómlegan og vistina í miðborginni hafa verið góða. Nú ætlar hún hins vegar að söðla um og stefnir á að opna vefverslun með antikmuni með haustinu.

brjann@frettabladid.is

Þarfnastu **meiri orku** til daglegra starfa?



Orkulausnir henta þeim sem glíma við orkuleysi, þrekleysi, verki eða svefnvanda. Hentar vel þeim sem vilja byggja upp orku vegna vefjagigtar eða eftir veikindi.

- Hefst 11. mars - 8 vikur
- Þjálfun 2x í viku
- Fræðsla og einstaklingsviðtal
- Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir, sjúkraljálfi



HEILSUBORG

Heilsborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsborg.is

Breyta þarf reglugerð um sektir við umferðarlagabrotum vegna ósamræmis: Lögreglu skortir sektarheimildir

LÖGREGLUMÁL Breyta þarf reglugerð um sektir við umferðarlagabrotum þannig að ekki verði lengur miðað við 35 kílómetra hámarks hraða á klukkustund, heldur verður miðað við 40 kílómetra hámarks hraða, eins og hefur til dæmis verið tekinn upp á götum í Stykkishólmi og Fjarðabyggð að ráðleggingum Vegagerðarinnar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu.

Þangað til breytingin gengur í gegn verður ekki til heimild í reglugerð til að sekta öikumenn vegna hraðakstursbrota á svæðum þar sem hámarks hraðinn er 40 kílómetrar á klukkustund.

Í tilkynningunni segir: „Breyting á sektarreglugerð er nauðsynleg þar sem að óbreyttu verður ekki hægt að framfylgja hraðatakmarkuninni „40“ með sektum.“

Eftir sem áður er lögreglu heimilt að beita 15.000 króna sekt vegna ökuhraða sem er ekki í samræmi við aðstæður, samkvæmt sömu reglugerð.

Önnur ástæða fyrir breytingunni er sú að leiðsögukerfi í bílum annars vegar og hraðaskiltum hins vegar ber ekki saman um hver hámarks hraðinn er á ákveðnum götum á vegum landsins.



VIÐ MÆLINGAR Innanríkisráðuneytið leggur til breytingar á reglugerð þannig að miðað verði við 40 kílómetra hámarks hraða í stað 35 kílómetra hraða eins og víða er í þéttbýli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Innanríkisráðuneytið auglýsir nú eftir umsögnum við þessa reglugerðarbreytingu en umsagnarfræstur rennur út þann 12. mars næstkomandi. Ráðgert er að breytingin öðlist þegar gildi.

Sjúkdóma- trygging

sem hægt er
að endurvekja



NÝJUNG
Á ÍSLANDI

OKKAR Sjúkdómatrygging XL er nýjung hér á landi. Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

Fimm bótaflokkar

Tryggingunni er skipt upp í fimm bótaflokka eftir eðli sjúkdóma. Sé sótt um nýja tryggingu eftir greiðslu bóta er sá flokkur undanskilinn sem bætur hafa verið greiddar úr. Þannig er aðeins hægt að fá bætur einu sinni úr hverjum flokki.

Karlar og konur greiða sama iðgjald af Sjúkdómatryggingu XL, séu þau jafn gömul.

Kynntu þér málið á www.okkar.is eða hringdu í síma 540 1400.

OKKAR líftryggingar - með þér alla ævi

SVONA ERUM VIÐ



39 umsóknir bárust landlækni um gögn til

vísindarannsóknna úr gagnagrunnum embættisins.

Þetta er svipaður fjöldi og í fyrra, þegar 36 umsóknir bárust.

Heimild: Landlæknisembættið

Barack Obama ræddi við forsætisráðherra Ísraels um framhald friðarviðræðna við Palestínnumenn: Segir erfiðar ákvarðanir bíða Netanjahús

ÍSRAEL Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, segir að Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, þurfi að taka „erfiðar ákvarðanir“ til að ljúka friðarviðræðum við Palestínnumenn.

Obama vonast til að friðarsamningur verði gerður fyrir 29. apríl næstkomandi en lítið hefur þokast áfram í friðarviðræðunum síðan í júlí síðastliðnum þegar þær hófust eftir þriggja ára hlé.

„Það er enn mögulegt að búa til tvö ríki, göðingarríki Ísrael

og Palestínuríki þar sem fólk lifir í sátt og samlyndi við frið og öryggi,“ sagði Obama.

„En það er erfitt að framkvæma það. Báðir aðilar þurfa að gera málamíðlanir.“

Netanjahú, sem heimsótti forsetann í Hvíta húsinu í gær, sagði að Ísraelar byggjust við því að hann stæði fastur á sínu og að Palestínnumenn hefðu ekki lagt sitt af mörkum upp á síðkastið til að draga úr spennunni á svæðinu.

-fb



RÆDDU MÁLIN Obama og Netanjahú ræddu saman í Hvíta húsinu í gær. MYND/AP

Nýtt hlutverk geðdeildar: Arnarholt verði að heilsuhótel

SKIPULAGSMÁL Félagið Fylkir sem á eignina Arnarholt á Kjalarnesi hefur sótt um leyfi til að breyta byggingunum í heilsuhótel. Í Arnarholti var um árabíl endurhæfing fyrir geðsjúka á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Fram kom í Morgunblaðinu fyrir tæpu ári að Fylkir hefði þá keypt Arnarholt sem að mestu hefði staðið autt frá árinu 2005. Kaupverðið hafi verið 120 milljónir króna fyrir húsakostinn sem sé um 4.800 fermetrar.

-gar

Ársreikningur Strætó bs.: 496 milljónir í rekstrarafgang

VIÐSKIPTI Rekstrarafgangur Strætó á árinu 2013 nam 496 milljónum króna, sem er um 201 milljón meira en árið á undan. Í tilkynningu um ársreikning Strætó bs. kemur fram að reksturinn hafi í meginatriðum verið í samræmi við áætlanir.

Á árinu jókst handbært fé um 84 milljónir króna og nam í lok árs um 904 milljónum króna. Þeir peningar verða m.a. notaðir til að fjárfesta í nýjum strætisvögnum og rafrænni greiðslumiðlum.

-fb

LEIÐRÉTT

Ranglega kom fram á mynd með frétt um niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 að Píratar fengu þrjú þingmenn miðað við stuðning í könnuninni. Rétt er að þeir fengu sex þingmenn, eins og kom fram í texta fréttar í blaðinu.

Rangt var farið með nafn Árna Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands, í blaðinu í gær.

600 íbúða byggð á Hlíðarenda

Hafist verður handa við að byggja íbúðahverfi á Hlíðarenda næsta haust. Fyrstu íbúarnir flytja inn 2016. Um 40 íbúðir af 600 verða fyrir námsfólk. Talið er að uppbygging hverfisins muni kosta allt að 30 milljörðum króna.

SKIPULAG Fyrirhuguð byggð á Hlíðarenda verður fjölbreytt. Gert er ráð fyrir allt 560 íbúðum fyrir almenning, þar verða líka byggðar 40 námsmannabúðir og allt að 200 einstaklingsíbúðir fyrir námsmenn.

Um helmingur íbúðanna verður tveggja herbergja, og um tuttugu prósent þriggja herbergja.

„Markmiðið er að skapa fjölbreytni í stærð og gerð íbúða fyrir ungt fólk,“ segir Brynjar Harðarson, framkvæmdastjóri Valsmanna.

Útfærsla deiliskipulags Hlíðarenda er byggð á vinningstillögu Graeme Massie í samkeppni um nýtt skipulag fyrir Vatnsmýrina frá árinu 2008.

Fjölbreytni ríkir í byggingarstílum, engin tvö eins útlítandi hús verða hlið við hlið og gert er ráð fyrir stórum innigörðum. Jafnframt eru húsin misjafnlega

→ Engin tvö eins útlítandi hús verða hlið við hlið og gert er ráð fyrir stórum innigörðum.

há, frá þremur upp í fimm hæðir. Verslun og þjónusta verða á jarðhæð við breiðgötur. Við húsagötur verða neðstu íbúðirnar hálfri hæð yfir götu til að tryggja næði.

Bílageymslur fyrir íbúa verða undir húsum og innigörðum. Bílageymslur atvinnuhúsnæðis verða fyrir aftan það, til að auðvelda lestun og losun og koma í veg fyrir truflun af völdum starfsmanna.

Samhliða því sem íbúðahverfið rís verður ráðist í breytingar á íþróttasvæði Vals að Hlíðarenda, með tilfærslu á gervigrasi, fjölgun æfingavalla og byggingu knatt húss í hálfri stærð.

johanna@frettabladid.is



DÝR FRAMKVÆMD Svona gæti ein af breiðgötunum á Hlíðarenda lítið út. Uppbyggingin á Hlíðarenda er ein sú umfangsmesta sem ráðist hefur verið í. Jarðvegsframkvæmdir munu einar og sér kosta í kringum þrjú milljarða. Gatnagerðargjöld sem byggingaraðilar þurfa að greiða munu nema að lágmarki 800 milljónum. Talið er að framkvæmdin í heild muni kosta á bilinu 25 til 30 milljarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/LARK ARKITEKTAR

→ Erum að byggja fyrsta hluta Vatnsmýrar



„Mér er sagt að ég hafi einhvern tíma misst út úr mér að með Hlíðarendaverkefningu stæðum við frammi fyrir því að byggja síðasta hlutann af Hlíðunum eða fyrsta hlutann af Vatnsmýrinni. Við erum klárlega að sjá fyrsta hlutann af Vatnsmýrinni byggjast hér,“ sagði **Dagur B. Eggertsson**, forseti borgarstjórnar.

Hann sagði að á Hlíðarenda kæmi saman í eitt mikilvægi þess að samþykka nýtt aðalskipulag, loka þriðju flugbrautinni og loks mikilvægi þess að byggja litlar eða miðlungsstórar íbúðir fyrir venjulegt fólk.



Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðismanna sagðist hlakka til að sjá hverfið verða að veruleika og sagðist sannfærður um að uppbygging þess væri eitthvað sem flokkarnir í Reykjavík gætu sameinast um.

„Ég er sannfærður um að þetta skipulag mun stuðla að iðandi mannlífi á svæðinu. Menn hafa borið gæfu til að hafa þetta margbreytilega byggð, bæði í húsagerð og stærð íbúðanna,“ sagði Kjartan.

→ Erfðafestuland Vals að Hlíðarenda

Hlíðarenda er erfðafestuland sem Knattspyrnufélagið Valur hefur átt frá árinu 1939. Árið 2002 samdi Valur við Reykjavíkurborg um breytta landnotkun. Hlutafélagið Valsmenn, sem stofnað var árið 1999 til að styðja uppbygginguna hjá



FULLBYGGT Svona á Hlíðarendahverfið að líta út þegar það verður fullbyggt árið 2020.

Val, keypti landið 2005 og gekk kaupverðið til byggingar á nýju íþróttahúsi. Valsmenn telja að ekki hafi gengið sem skyldi að hefja uppbyggingu á Hlíðarenda til að fá inn tekjur. Þeir segja að það sé einkum vegna endurtekinnna breytinga og frestana vegna skipulagsmála.


Valsmenn hf. eru að 40 prósentum í eigu Vals, 60 prósent skiptast milli 400 einstaklinga sem lagt hafa fram hlutafé frá

50 þúsund krónum og upp í eina milljón króna.

Sérstakt félag, Hlíðarfótur, hefur verið stofnað um framkvæmdirnar á Hlíðarenda. Valsmenn eru hluthafar í því auk fjárfesta.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



SUÐVESTLÆGAR ÁTTIR Heldur umhleyplingasamt veður þessa dagana með fremur stífum suðvestlægum áttum og úrkomu með köflum í allflestum landshlutum en síst þó um norðanvert landið. Hiti yfirleitt í kringum frostmark.

Alicante 21°	Billund 9°	Gautaborg 7°	London 13°	Orlando 26°	San Francisco 16°
Basel 13°	Frankfurt 13°	Kaupmannahöfn 7°	Mallorca 21°	Ósló 4°	Stokkhólmur 4°
Berlín 12°	Friedrichshafen 9°	Las Palmas 18°	New York XX°	París 12°	

Á morgun 8-15 m/s hvassast NA-til.



Föstudagur Stíf SV-átt syðra.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður



ÍSLENSKUR

GÓÐOSTUR


- GÓÐUR Á BRAUÐ -



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

GERÐU STUTTAN STANZ ókeypis ástanzskoðun Í MARZ



Í mars er ókeypis ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.

Auk þess þjódum við **20% afslátt*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.**

Gerðu stuttan stans hjá næsta viðurkennda þjónustuaðila Toyota ogaktu óhikað inn í vorið.

Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Bifreiðaverkstæði Ásinn	Kalmansvöllum 3	Akranesi	431 5050
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

**Ef þú greiðir með greiðslukorti áttu kost á að dreifa greiðslum í þrjú mánuði, vaxtalaus frá og með 2. maí með 3,5% þjónustugjaldi. Þrjár mismunandi hámarksupphæðir.

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

VEISTU SVARID?



1. Hvað eiga bankar og íbúðalána-sjóður margar íbúðir?
2. Hvernig vélum vill Atlantic Airways lenda á Reykjavíkflugvelli?
3. Hver er heiðursgestur á Reykjavíkurskáknotinu?

SVÖR:

1. 3.400. 2. Airbus 319. 3. Garri Kaspárov.

Foreldrar og starfsmenn framhaldsskóla fá hvatningu frá umboðsmanni barna og Heimili og skóla: Styðjið framhaldsskólanema á óvissutímum

SKÓLAMÁL Stjórn Foreldrafélags Fjölbrotaskólans við Ármúla hefur sent foreldrum og forráðamönnum nemenda hvatningu um að styðja vel við bakið á börnum sínum í ljósi þeirrar óvissu sem nú ríki vegna hugsanlegs verkfalls kennara.

Í áskorun foreldrafélagsins er undirstríkt að að samninganefndir kennara og ríkisins fundi stíft þessa daga svo ekki liggi fyrir hvort til verkfalls komi 17. mars.

Foreldrafélagið kemur síðan á framfæri skilaboðum frá umboðsmanni barna og samtökunum Heimili og skóla. „Brott-

fall nemenda úr framhaldsskólum hefur verið mikið áhyggjuefni hér á landi og er hætt við að langvarandi verkfall verði til þess að fleiri nemendur hætti í skóla og ljúki ekki framhaldsnámi,“ vara þessir aðilar við. „Framhaldsskólanemendur eru hvattir til að missa ekki móðinn og stunda nám af fullum krafti þó hætta sé á verkfalli.“

Þá eru kennarar og annað starfsfólk framhaldsskóla hvattir til að undirbúa nemendur eins vel og mögulegt er og gera allt til að koma í veg fyrir að nemendur flosni upp úr námi.



FJÖLBROTA-SKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA Verkfall kennara í framhaldsskólum gæti hafist 17. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Skáldaðar ástæður fyrir afskiptum

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var harðorður í garð Rússa í heimsókn sinni til Kænugarðs í gær. Hann telur að þeir hafi skáldað upp ástæður fyrir því að skipta sér af málefnum Úkraínu. Pútín sakar Vesturlönd um að hafa ýtt undir stjórnleysi í Úkraínu.

ÚKRAÍNA John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði í opinberri heimsókn sinni til Kænugarðs í gær að Rússar hefðu skáldað upp ástæður fyrir því að skipta sér af ástandinu í Úkraínu. Hann sagði hegðunina ósættanlega hjá stórveldi og G8-ríki eins og Rússlandi.

„Engin sönnunargögn styðja röksemdafærslur þeirra,“ sagði Kerry. „Rússar hafa lagt mikið á sig til að búa til ástæðu til að ráðast enn lengra inn [í Úkraínu].“ Kerry sagði þjóð sína standa með Úkraínumönnum og hótaði því að Bandaríkjamenn muni grípa til refsiaðgerða ef Rússar draga ekki herlið sitt til baka frá Krímskaga. Talið er að eignafyrsting komi þar til greina, auk þess sem Bandaríkin ihuga að sniðganga fund átta helstu iðnríkja heims, sem á að halda í Sotsjí í Rússlandi í júní.

Kerry heimsótti einnig Líkneski hinna föllnu í Kænugarði, minnisvarða um þá rúmlega áttatíu mót-mælendur sem féllu í síðasta mánuði.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði að menn hafi „sterka trú“ á því að með aðgerðum sínum í Úkraínu hafi Rússar brotið alþjóðleg lög. „Pútín forseti virðist hafa í sínum rökum mismunandi lögræðinga sem búa til mismunandi túlkunir en ég held að hann sé ekki að gabbna neinn,“ sagði Obama.

Hann bætti því við að hernaðarlutun Rússa í Úkraínu gæti orðið til þess að fæla þjóðir frá Rússlandi. Hann telur jafnframt að Úkraína gæti bæði orðið vinabjód Vesturlanda og Rússlands á sama tíma.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, sakaði Vesturlönd um að hafa stutt „uppreisn sem bryti gegn stjórnarskránni“ í Úkraínu. Hann bætti við að Rússland áskilji sér rétt til að beita hervaldi til að vernda þá Rússa sem búa í Úkraínu



GLAÐBEITIR Í KÆNUGARÐI John Kerry ásamt bráðabirgðaforsetanum Olexander Túrtsjínov og forsætisráðherranum Arsení Jatsenjók í Kænugarði í gær. MYND/AP

Purfa 35 milljarða dala í fjárhagsaðstoð

Bandaríkin ætla að veita Úkraínu, sem er afar illa stöð fjárhagslega, eins milljarða dala fjárhagsaðstoð vegna orkumála. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er einnig að undirbúa fjárhagsaðstoð sem er hugsuð sem langtímalausn. Fjármálaráðherra Úkraínu telur að landið þurfi á 35 milljörðum dala að halda til að komast í gegnum þetta ár. Á sama tíma hafa Rússar dregið til baka afsláttinn sem þeir höfðu gefið Úkraínumönnum á gasverði.

en vonast til að þess gerist ekki þörf. Þetta voru fyrstu ummæli forsetans síðan fráfarandi forseti landsins, Viktor Janúkovítsj, hrökklaðist úr embætti þegar mótmælin náðu hápunkti. Pútín lítur enn á Janúkovítsj sem forseta landsins, þó að bráðabirgðaforsetinn Olexander Túrtsjínov, sem nýtur stuðnings mótmælenda, hafi tekið við embættinu.


Pútín sagði vestræn ríki ýta undir stjórnleysi í Úkraínu með því að lýsa yfir stuðningi við mótmælendur og varaði við því að ef Vest-

urlönd gripu til refsiaðgerða myndu þau fá það í bakið. „Við ætlum ekki að berjast við úkraínsku þjóðina,“ sagði Pútín.

Bætti hann við að flutningur 150 þúsund manna herliðs að landamærum Úkraínu hafi verið fyrirfram ákveðinn og tengdist ekkert núverandi ástandi í landinu. Í gær fyrirskipaði hann að herliðið sneri aftur til bækiðöva sinna í Rússlandi. Við það hækkuðu hlutabréf í heiminum á nýjan leik eftir að þau höfðu tekið stóra dýfu vegna ástandsins á Krímskaga.

Herstyrkur Rússlands og Úkraínu borinn saman

Úkraínumenn myndu líklega eiga við ofurefli að etja ef Rússar myndu auka hernaðarumsvif sín enn frekar á Krímskaga. Úkraínski herinn, sem býr við fjárfkort, er mun fámennari er hinn rússneski auk þess sem hann hefur yfir miklu færri skriðdrekum, herpotum, herþyrlum og herskipum að ráða.



Rússneskir hermenn, sem höfðu lagt Belbek-loftvarnastöðina á Krímskaga undir sig, skutu viðvornarskotum út í loftið þegar um þrjú hundruð úkraínskir hermenn, sem áður stjórnðu stöðinni, kröfðust þess að fá störf sín aftur.

Í gærkvöldi skaut rússneski herinn á loft langdrægri tilraunaeldflaug frá tilraunasvæði sínu Kapustin Yar, skammt frá Kaspíahafi. Bandaríkjamenn voru látnir vita af flauginni, eins og alþjóðasamningar kveða á um. frey@frettabladid.is

weber og DEKA

Hágæða múrefni í Múrbúðinni



Serpó 261 tremjamúr
Fyrir múrkerfi
25 kg 3.790,-



Weber REP 980 þéttimúr grár
25 kg 3.690,-



Weber Gróf Múrblanda
25 kg 1.645,-



Weber Milligróf múrblanda
25 kg 1.795,-



Weberdur 629 gipsmúr
30 kg 2.395,-



Deka Hrað viðgerðarblanda
25 kg 4.175,-



Deka Fiber trefja-styrkt múrblanda
25 kg 3.290,-



Deka Latex 5 lítr. 4.690,-



Deka Acryl grunnur
1 kg 1.225,-
5 kg 4.590,-

Munið 5% Pallaafsláttinn. Leitið tilboða í meira magn.

MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið má-fó kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið má-fó kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

FIND NEW ROADS™



FÁÐU MEIRA...



Bíll á mynd: Chevrolet Cruze LTZ

CHEVROLET CRUZE
2.890.000.-
LT BENSÍN 1.8L
BSK. 4 DYRA

RÍKULEGA BÚINN CRUZE

Chevrolet Cruze er með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

- | | | |
|-----------------------------|---------------------------|------------------------------------|
| • ESC stöðugleikakerfi | • ABS hemlælæsivörn | • Tengi fyrir Ipod og MP3 spillara |
| • Bluetooth | • ISOFIX öryggisfestingar | • Útvarpsstillingar í stýrishjól |
| • Hæðarstilling á framsætum | • Álfelgur | • Rafmagn í fram- og afturrúðum |
| • Hiti í framsætum | • Loftkæling | • Rafmagn og hiti í hliðarspeglum |
| • Aksturstólva | • Nálgunarvörn að aftan | • Hraðastillir (Cruise Control) |

Hluti af staðalbúnaði - sjá meira á benni.is

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is


Reykjavík Tangarhöfða 8 Sími: 590 2000	Reykjanesbær Njarðarbraut 9 Sími: 420 3330	Akureyri Glerárgötu 36 Sími: 461 3636
---	---	--

Bílaþö
Benna
Sérfræðingar í bílum

Gott fólk 60+

Kanarí með Guðna

25. mars – uppselt



Aukaferð 1. apríl í 12 nætur

Verð frá **149.900 kr.*** og 12.500 Vildarpunktur á mann m.v. 2 í íbúð á Walkirias.

*Verð án Vildarpunkta 159.900 kr.

Skráðu þig í netklóbbinn - VITA.is

VITA er lífið

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA Suðurlandsbraut 2 Sími 570 4444



SLÖKKVI-STARF Barist er við fjölda gróðurelda á ári, en nefnt er að slökkviliðin eiga ekki einu sinni fatnað sem hentar í slík störf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðeins ein áætlun er til vegna gróðurelda

Búnaði og þjálfun slökkviliða er ábótavant með tilliti til gróðurelda. Sveitarfélög hafa enga burði til að bregðast við sífellt meiri hættu á miklum gróðureldum. Aðgerða er þörf strax var mat innan fjögurra lögregluumdæma árið 2011.

ÖRYGGISMÁL Aðeins ein viðbragðs-áætlun hefur verið unnin vegna gróðurelda á Íslandi. Búnaði til slökkvistarfa jafnt sem þjálfun slökkviliða er ábótavant. Þrátt fyrir vitundarvakningu um þá hættu sem af gróðureldum stafar eru hendur sveitarfélaga bundnar vegna fjárskorts.



Við erum frekar illa stödd mundi ég segja
 Víðir Reynisson, almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

„Nei, þessi áætlun er sú eina en nokkrar eru á teikniborðinu,“ segir Víðir Reynisson hjá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, spurður hver staða þessara mála sé, en árið 2011 var unnin ítarleg áhættuskoðun af embætti Ríkislögreglustjóra.

Víðir vísar þar til viðbragðs-áætlunar vegna gróðurelda í Skorradal, sem segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða vegna gróðurelda. Markmið hennar er að tryggja skipulögð viðbrögð vegna elds, koma í veg fyrir eða takmarka tjón á gróðri og eignum og að þolendum slíkra hamfara berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma.

Víðir segir að gerð viðbragðs-áætlunarinnar í Skorradal hafi varpað ljósi á ýmis vandamál sem nýtist í framhaldinu.

Hann segir að þéttbýl sumarhúsasvæði þar sem er mikill gróður verði að ganga fyrir.

„Þetta eru þau svæði sem við höfum langmestar áhyggjur af og verða skoðuð kerfisbundið,“ segir Víðir. „Við erum frekar illa stödd, mundi ég segja,“ bætir

hann við spurður um hver staðan sé almennt. „Bæði vegna þess að búnaður og þjálfun slökkviliðanna hafa ekki miðast við að takast á við stóra atburði tengda gróðureldum. Það er enn þá langt í það að við séum vel í stakk búin til að takast á við þetta, með vel búnum og þjálfuðum mannskap.“

Víðir bætir við að vissulega hafi eitt og annað verið gert, en heildstæð nálgun sé framtíðarmál.

„Þetta er bara gríðarlega dýrt, t.d. sérhæfður búnaður eins og léttari bílar sem komast frekar um þessi svæði. Sveitarfélögin hafa ekki haft neina burði í slíkar fjárfestingar, sérstaklega ekki á undanförunum árum,“ segir Víðir. svavar@frettabladid.is

→ Lengi grandalaus gagnvart hættunni

Hætta á gróðureldum eykst ár frá ári, en þangað til Mýraeldar brunnu árið 2006 var almennt ekki hugsað um að sérstök vá stafaði frá sinu-, kjarr- og skógareldum á Íslandi.

Í skýrslu vegna áhættuskoðunar Almannavarna kemur þetta skýrt fram. „Eftir elda á Mýrum 2006 varð ljóst að undirbúa þarf betur viðbrögð við sinueldum og afla betri upplýsinga um helstu áhættusvæði, sérstaklega vegna vaxandi sumarbústaðabygginga víða um land og oft með erfiðu aðgengi. Landnýting hefur einnig breyst, kjarrgróður hefur vaxið og skógi verið plantað og með hlýnandi veðurfarir hefur áhættan aukist til muna. Talið er líklegt að svæði fari stækkandi þar sem mikill eldsmatur er fyrir hendi og búast má við auknum sinueldum með miklum umhverfisáhrifum og tjóni í framtíðinni.“

Vegna þessa töldu forsvarsmenn í mörgum lögregluumdæmum að mikil eða gífurleg hættu stafaði af gróðureldum og aðgerðir þyrfti strax. Þetta á t.d. við um höfuðborgarsvæðið, Borgarfjörð og Dali og Árnessýslu.

Veðurstofan setur upp rakamæla

Frá því var greint í fréttum Bylgjunnar í gær að Veðurstofa Íslands, í samvinnu við Mannvirkjastofnun, er að þróa aðferð til að mæla raka í gróðri til að geta varað við hættu á gróðureldum í þurrkatíð, eins og verið hefur suðvestanlands að undanförunum. Hafa tveir rakaskynjarar verið settir upp; á Þingvöllum og í Húsafelli. Framtíðarsýn Veðurstofunnar er að hægt sé að gefa út viðvaranir um gróðurelda í framtíðinni.

MOTTU MARS

Örráðstefna um ristilkrabbamein: HVAÐ GET ÉG GERT?

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins boðar til örráðstefnu um ristilkrabbamein í húsi félagsins að Skógarhlíð 8 **fimmtudaginn 6. mars kl. 16:30-18:00**

16:30 Jakob Jóhannsson formaður Krabbameinsfélags Íslands setur ráðstefnuna og stýrir henni

16:35 **Forvarnir og lífshættir**
 Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur

16:55 **Greining og meðferð**
 Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir

17:15 **Reynslusögur**

17:35 Fyrirspurnir og umræður

17:50 Karlakór syngur nokkur lög

Allir velkomnir – ókeypis aðgangur

Krabbameinsfélagið

Loksins á Íslandi!

Nicotinell með Spearmint bragði

- auðveldar þér að hætta reykingum



NÝTT

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell Spearmint 2mg nicotín

24 st

medicinsk tyggummi lyfjtyggummi

Nicotinell

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins. Inniheldur nikótín. Aðendingar: Til meðferðar á töbaksfögn er lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfeinkennum og það auðveldar þér að hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt. Eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Meist er með 4 mg lyfjatyggummi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hafa tekið að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggummis. Ef þú reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykir er minna en 20 sigarettur á sólarhring er eðlilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggummi), skaltu huga minni skammti í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingabörf þar til finnst sterkir bragði. Þú skal láta það hvíla milli kinnar og tannholts. Þegar sterkir bragði minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggummi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smátt saman úr notkun lyfjatyggummisins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggummi á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfjans lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, getu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgang lyfjatyggummi þar sem reykingabörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjaf getur aukild líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reykingstímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettar á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reibúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekið að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefna, reykleysi. Ráðgjaf þig við lækni eða lyfjafraeðing þvi ekki er vist að þú megir nota lyfið ef þú ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrygning, sykursjúki, olvikan skjaldkirtillýmshættu, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eda lífrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggummi er ráðlagt að nota önnur lyfjaforn nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt fruktósaþöfl skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bítýlhýdroxybítlen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



Grænt leigusamband Reita er samstarf um vistvænan rekstur atvinnuhúsnæðis.



Reitir bjóða grænt leigusamband

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Við hjálpum þér að breyta þínu atvinnuhúsnæði í vistvænan vinnustað.

Reitir fasteignafélag er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

Kynntu þér Græna Reiti á www.reitir.is.

Krínglan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

: REITIR

Velkomin til starfa

FRÁBÆR TILBOÐ!

Gerðu mögnuð kaup!
Fjöldi bíla á staðnum!

WWW.BÍLALAND.IS



Rnr. 120341

GÖNGUM FRÁ
FJÁRMÖGNUN Á
STAÐNUM

NISSAN Qashqai SE
Nýskr. 06/13, ekinn 42 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 5.190.000

**TILBOÐSVERÐ!
4.890 þús.**



Rnr. 130677

LEXUS RX400h EXE
Nýskr. 09/07, ekinn 120 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.490.000
TILBOÐ kr. 3.690 þús.



Rnr. 191178

HYUNDAI I30 Wagon Comfort
Nýskr. 06/11, ekinn 86 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.690.000
TILBOÐ kr. 2.290 þús.



Rnr. 281226

NISSAN Micra Visia
Nýskr. 05/12, ekinn 35 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.090.000
TILBOÐ kr. 1.890 þús.



Rnr. 141824

NISSAN Note Visia
Nýskr. 05/13, ekinn 28 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.820.000
TILBOÐ kr. 2.580 þús.



Rnr. 270346

OPEL Antara Cosmo
Nýskr. 06/09, ekinn 111 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.550.000
TILBOÐ kr. 2.990 þús.



Rnr. 141895

RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 05/13, ekinn 33 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.370.000
TILBOÐ kr. 2.990 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Bæta lífeyrisþegum ekki upp hækkunar

Ráðherra segir engin áform um að mæta hækkandi heilbrigðiskostnað lífeyrisþega með því að hækka tekjuviðmið Tryggingastofnunar. Vegna þessa fá nú um 70 prósentum færri lífeyrisþegar fjárhagsaðstoð vegna heilbrigðiskostnaðar árið 2009.

VELFERÐARMÁL Félags- og tryggingamálaráðherra segir engin áform vera um að hækka tekjuviðmið almannatrygginga til aðstoðar örorku- og ellilífeyrisþegum við að standa straum af síhækkandi heilbrigðiskostnaði. Í skoðun er breyting á fyrirkomulagi endurgreiðslu.

Öryrkjum og lífeyrisþegum sem eiga rétt á greiðslum vegna kostnaðar við að standa straum af meðal annars lyfja- og lækniþjónustu, heyrnartækjum og umönnun í heimahúsum fækkaði um tæp 70 prósent frá árinu 2009. Það orsakast af því að tekjuviðmið Tryggingastofnunar (TR), sem er 200.000 krónur á mánuði, hefur ekkert hækkað á tímabilinu.

Eygló Harðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, segir að í skoðun sé að færa allar endurgreiðslur vegna læknis-, lyfja- og sjúkrakostnaðar yfir til Sjúkra-trygginga Íslands (SÍ).

„Það má vel sjá fyrir sér að betur fari á því að SÍ annist allar greiðslur vegna heilbrigðisþjónustu og þeir fjármunir til þessara þátta sem eru hjá TR flytjast þangað yfir,“ segir Eygló.

Endurgreiðsla SÍ er ekki tekju- tengd heldur lýtur hún að fjórum gjaldflokkum eftir því hvort í hlut eiga börn, fullorðnir, örorku- eða ellilífeyrisþegar. Myndi það samkvæmt óbreyttum lögum leiða til þess fjármunirnir dreifðust á stærri hóp en hingað til.

„Að mínu mati þyrfti þá að tryggja með einhverjum hætti að þeir sem standa illa fjárhagslega fengju sérstakan stuðning, líkt og er markmiðið að baki lögum um félagslega aðstoð,“ segir Eygló.

Heildarendurskoðun almanna-trygginga stendur yfir og liggur ekki fyrir hvenær henni lýkur.



FÉLAGSLEGUR STUÐNINGUR Að mati ráðherra þarf að tryggja að þeir sem standa illa fjárhagslega fái sérstakan stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Geta ekki beðið út í hið óendanlega



„Örorkulífeyrisþegar geta ekki beðið eftir stjórnsýslulegum og pólitískum endurskoðunum á heilu kerfi út í hið óendanlega þar sem þeir eru margir á barmi fátæktar,“ segir **Ellen Calmon**, formaður Öryrkjabandalagsins, sem telur endurskoðun almanna-tryggingakerfisins undanfarn misseri engu hafa skilað.

Hún efast um að tillögur ráðherra séu til bóta. „Ef fjármunir sem TR hefur greitt í uppþætur vegna heilbrigðisþjónustu yrðu færðir yfir til SÍ og dreifðust á stærri hóp skapast sú hætta að lífeyrisþegar fengju enn minni stuðning en er í dag.“

Ellen bendir á að lífeyrisþegar hafi iðulega meiri kostnað vegna heilsu- brests sem er tilkominn vegna sjúkdóma og skerðinga. Þá geti fólk utan vinnurmarkaðar ekki leitað til sjúkrasjóða stéttarfélaganna eftir styrkjum.

Ráðherra boðar þó frumvarp um frekari breytingar á yfirstandandi þingi.

Töluverðar gjaldskrárhækkunarir á heilbrigðisþjónustu urðu um áramót, sem eru yfir hækkan bóta almanna-trygginga og verðbólgumarkmiðum. eva@frettabladid.is

„Það má vel sjá fyrir sér að betur fari á því að SÍ annist allar greiðslur vegna heilbrigðisþjónustu“

Eygló Harðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra



Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



Hafið samband við sölumenn Rekstrarlands eða næsta útibú Olís og leitið tilboða. Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Ölluverzlunar Íslands hf.



REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is



Fyndnustu búningarnir 2013
Hópakeppni

Fyndnasti búningurinn 2013
Einstaklingskeppni

Flottasti búningurinn 2013
Einstaklingskeppni

Flottustu búningarnir 2013
Hópakeppni

Óvæntasti búningurinn 2013
Einstaklingskeppni

Óvæntustu búningarnir 2013
Hópakeppni

Hér skal nú glens og gaman

Skemmtidagskrá öskudagsins kl. 11-17

- Búningasamkeppni fyrir einstaklinga og hópa
- Ókeypis myndataka
- Lukkuhjól - engin núll
- Ókeypis andlitsmálun
- Nammi og fjör

Yfirhershöfðingi Egyptalands: Býður sig fram til forseta

EGYPTALAND Abdul Fattah al-Sisi, yfirhershöfðingi Egyptalands, segist ekki geta hunsað áskoranir meirihluta almennings um að hann bjóði sig fram til forseta. Í viðtali við fréttastofuna Mena sagði hann að nánari útlistanir á framboðinu væru væntanlegar á næstu dögum.

Forsetakosningar hefjast um miðjan apríl. Al-Sisi stóð fremstur í flokki þeirra sem steyptu forsetanum Mohammed Morsi af stóli í júlí.

Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi segir að nágrennar Lýsisreitsins finni fyrir titringi vegna sprenginga: Vill að borgarstjórn hlusti á kvartanir íbúa

SKIPULAGSMÁL Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fóru í gær fyrir umræðu um uppbyggingu á þéttingarreitum með tilliti til reynslu af Lýsisreitnum svokallaða í Vesturbænum.

Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi segir að undanfarinn mánuð hafi nágrennar fundið fyrir miklum titringi í húsum sínum af völdum sprenginga vegna framkvæmdanna á Lýsisreitnum.

„Íbúar hafa kvartað yfir því að

það séu komnar sprungur í vegg og að það hafi orðið tjón á innanstokksmunum. Við sjálfstæðismenn báðum um að þetta yrði tekið fyrir hjá borgarstjórn því að þrátt fyrir kvartanir íbúa í heilan mánuð virðist borgin ekki alveg hafa stigið inn í þetta ferli,“ segir Hildur. „Það er bagalegt því að miðað við uppbygginguna sem borgin vill fara í, að ég tali nú ekki um að samkvæmt nýju aðalskipulagi eigi að þetta byggð, er þetta eitthvað sem verður að vera meira á hreinu.“

Að sögn Hildar eru framkvæmdirnar mögulega miðaðar við uppbyggingu í ytri hverfum og gera ekki ráð fyrir „svona viðkvæmri eldri byggð“.

Páll Hjaltason, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, tók undir fyrirspurn Hildar og sagði að strax í dag yrði á vettvangi stofnaður starfshópur til að fara heildstætt yfir öll þau mál sem lúta að uppbyggingu á þéttingarreitum í borginni.



HILDUR SVERRISDÓTTIR Borgarfulltrúinn segir að innanstokksmunir nágrenna Lýsisreitsins hafi skemmt.

- fb



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 21. mars 2014 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkt félagsins.
2. Tillögur til breytingar á samþykktum.
3. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.

Gerðu þjóðaratkvæði ekki að kröfu sinni

Forsætisráðherra sagði í Kastljósi í gærkvöldi að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki gert það að kröfu sinni að boðað yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna við ESB á kjörtímabilinu. Hann sagði að ESB hefði krafist skýrra svara.

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í Kastljósi í gærkvöldi að Sjálfstæðisflokkurinn hefði ekki gert það að kröfu sinni í stjórnarmyndunarviðræðunum í fyrra að boðað yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna við Evrópusambandið á kjörtímabilinu.

Báðir stjórnarflokkarnir samþykkuðu því um að ekki skyldi boðað til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Ríkisstjórnin, og þá sérstaklega formenn stjórnarflokkanna, hafa legið undir ámæli frá stjórnarandstöðunni fyrir að boða ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en ákvörðun um slit á aðildarviðræðum var lögð fram á þingi.

Í þættinum sagði Sigmundur jafnframt að ekki hefði staðið til boða af hálfu Evrópusambandsins að hlé yrði á aðildarumsókn Íslands að sambandinu lengur.

Hann segir það hafa verið skýra kröfu af hálfu sambandsins að annað hvort yrði viðræðunum haldið áfram eða umsókn um aðild að sambandinu dregin til baka.

Seinni kosturinn hafi verið valinn vegna skýrrar stefnu beggja stjórnarflokkanna um að Ísland skyldi ekki gerast aðili að Evrópusambandinu.

Þá kom einnig fram að bréf, sem Sigmundur skrifaði undir sem formaður Framsóknarflokksins í aðdraganda seinustu alþingiskosninga, lýsti ekki hans eigin skoðunum.

Í bréfinu segir að fordæmi séu fyrir undanþágu annarra þjóða



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Forsætisráðherra segir Evrópusambandið hafa lagt hart að stjórnvöldum að segja af eða á með umsóknarferlið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sem gengið hafa í Evrópusambandið frá reglum þess „og því algerlega rangt að halda því fram að þessar kröfur hamli því að af aðildarsamningi geti orðið“.

Forsætisráðherra sagði að hann hefði ekki ritað bréfið sjálfur, heldur hafi það verið ritað í herbúðum Framsóknarflokksins í aðdraganda kosninganna. Hann sagði bréfið ekki endurspeglar skoðanir hans í málinu, þó að hann hefði síðan ritað undir það eigin nafni.

→ Forsætisráðherra sagði í Kastljósi að útgefið efni Framsóknarflokksins sem hann undirritaði lýsti ekki endilega skoðunum hans.

Sigmundur Davíð ítrekaði að hann teldi að Íslendingar gætu ekki búist við neinum undanþágum frá reglum Evrópusambandsins ef til þess kæmi. johanness@frettabladid.is

Flugvallarstarfsmenn hafa vísað kjaradeilu sinni við Isavia til Ríkissáttasemjara:

„Himin og haf“ ber milli aðila

VINNUMARKAÐUR „Það er himinn og haf í milli krafna okkar og þess sem Isavia er tilbúin að hækka launin. Það er búið að bjóða okkur 2,8 prósent hækkun eins og samið var um í desember en við teljum okkur eiga meira inni hjá Isavia,“ segir Kristján Jóhannsson, formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins.

Hann bætir við að það séu margir ólíkir hópar sem starfa hjá Isavia og misjafnt hvað hver hópur telur sanngjarna launahækkun.

„Auðvitað vonumst við til að deilan leysist fljótlega,“ segir Kristján.

Sameiginleg samninganefnd Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, FFR, Stéttarfélags í almannajónustu, SFR, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur vísað kjaradeilu félaga þess við Isavia ohf. til ríkissáttasemjara.

Félagsmenn FFR eru um 300 talsins og starfa langflestir á flugvöllum landsins sem reknir eru af Isavia, auk félagsmanna SFR og LSS.

Meðal þeirra starfa sem unnin eru af félagsmönnum eru öryggisvarsla, flugvallarjónusta, skrifstofustörf og sérhæfð störf í flugstjórnarmiðstöð.

Samningur félaga þess rann út um mánaðamótin og hafa verið haldnir sex árangurslausir sáttafundir.

- jme



VINNUDEILA Starfsmenn á flugvöllum hafa vísað kjaradeilu sinni við Isavia til Ríkissáttasemjara. Ef þeir fara í verkfall lamast flugsamgöngur í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HOLLAR BOLLUR

Sojabollurnar frá Hálsans Kök eru tilvaldar í Spaghetti Bolognese. Holl og bragðgóð tilbreyting.

INNIHALD
Prótein úr soja (51%) og hveiti (15%).
Vatn, jurtaolía, eggjahvítuduft, maltódestrín, sterkja, salt (1,6%), laukduft, trefjar úr ertum, ger, maltextrakt (bygg).

heilsurettir.is

Þú gætir eignast nýjan Citigo ef þú drífur bílinn í skoðun!

GÓÐ
ÞJÓNUSTA
OG HAGSTÆÐ
KJÖR Á
SKOÐUNUM

HAPPDRÆTTI

Þeir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast stórglæsilegan Skoda Citigo sem verður dreginn út þ. 1. júlí 2014.



Aðalvinningur er splunkunýr Skoda Citigo árg. 2014



BETRI STOFAN

IS MA 14 123

32
SKOÐUNARSTÖÐVAR
UM LAND ALLT



Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



Rússar hafa lítið lært af sögu 20. aldarinnar:

Einræði, ofríki og ofbeldi Pútíns

Hernaðaríhlutun Rússa í Úkraínu vekur upp óþægilegar minningar frá síðustu öld; um valdapólitíkina, þjóðrembuna og yfirganginn sem orsökðu tvær heimsstyrjaldir með tilheyrandi hörmungum og mörg minni stríð. Tal rússneskra ráðamanna um að þeir séu bara að vernda hagsmuni Rússa á Krímskaga er endurómur af röksemdum Hitlers fyrir innlimun Súdetahéraðanna og Austurríkis í aðdraganda seinni heimsstyrjaldarinnar.

Hafi saga tuttugustu aldar kennt okkur eitthvað, er það að til eru aðrar leiðir til að vernda réttindi þjóðernisminnihluta en tilfærsla landamæra með hernaðaraðgerðum. Það tók reyndar langan tíma að læra það. Ef togstreita er á milli þjóðernishópa á Krímskaga er óskandi að hægt sé að finna á henni lausnir svipaðar þeim sem fundust á Norður-Írlandi eða í Bosnía, bara án blóðsúthellinganna sem á undan gengu. Það hlýtur núna að vera verkefni Vesturlanda, sem hafa brugðizt hart við yfirgangi Rússa, að leita leiða til að leysa málið með friðsamlegum hætti.

Vandinn er að rússnesk stjórnvöld sjá málið alls ekki í þessu ljósi, þótt yfirskinið sé að standa vörð um réttindi þjóðernisminnihluta. Það hefur komið æ skýrar í ljós í valdatíð Vladímírs Pútíns að hann sýtir mjög missi heimsveldis Rússa þegar Berlínarmúrinn féll og Sovétríkin liðuðust í sundur. Hann og fylgismenn hans hafa átt bágt með að þola að fyrirverandi fylgiríki og Sovéttýðveldi, til dæmis Tékkland, Pólland og Eystrasaltsríkin, fylli nú hóp vestrænna lýðræðisríkja, hafi gengið í Evrópusambandið og NATO og njóti hagsældar sem rússneskur almenningur gerir ekki.

Stjórn Pútíns hefur alls ekki kunnað að meta tilburði Úkraínu til að fara sömu leið. Úkraína sótti um aðild að NATO, en dró umsóknina til baka, undir miklum þrýstingi frá Rússum, eftir að Janúkovítsj var kjörinn forseti fyrir fjórum árum. Úkraína hugðist sömuleiðis gera samstarfssamning við Evrópusambandið, en hætti við hann vegna þrýstings og gylliboða frá Rússum. Það var upphafið að mótmælunum, sem framkölluðu að lokum stjórnarskipti í landinu.

Nágrannaríki Rússlands geta alls ekki búið við þá ógn, að í hvert sinn sem hagsmunum rússnesks minnihluta er í hættu stefnt, að mati ráðamanna í Moskvu, sé hótad hernaðaríhlutun. Þess vegna verður umheimurinn að gera Pútín ljóst að hann mundi ekki komast upp með þetta; að afleiðingarnar verði alvarlegar fyrir Rússa.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra gerði rétt í því að kalla rússneska sendiherrann í Reykjavík á sinn fund og koma á framfæri mótmælum við framferði Rússa í Úkraínu. Það hlýtur hins vegar að vera umhugsunarefni fyrir utanríkisráðherra og aðra þá sem móta – eða telja sig móta – utanríkisstefnu Íslands hvort Rússland, sem ber æ fleiri einkenni einræðisríkis og beitir nágrannanna ofríki og ofbeldi, sé heppilegur bandamaður til að nudda sér utan í, til dæmis í norðurslóðamállum eða viðskiptum. Á því hlýtur að leika djúpstæður vafi eftir atburði síðustu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



MOTTU MARS



Þraustir menn
HLÝÐA HREYSTIKALLINU

— SKRÁÐU ÞIG —
MOTTUMARS.IS
— EÐA GEFÐU 1000 KRÓNUR —
908 1001

FRÁ DEGI TIL DAGS

Karlaborgin Reykjavík

Kvennabaráttan virtist litlu hafa skilað þegar forystumenn framboðanna í Reykjavík mættu í Stóru málin á Stöð 2 í fyrrkvöld. VG er eini flokkurinn sem er með konu í fyrsta sætinu, Sóleyju Tómasdóttur, og Líf Magneudóttir skipar annað sætið. Það kom í hlut Líf að halda uppi merki kvenna í stjórnmálum í þessum þætti. Ágætri konu varð að orði að Reykjavík væri sannkölluð karlaborg þegar hún settist fyrir framan tækið að horfa á þáttinn. Flokkarnir í borginni hafa ekki tekið mikið mark á áskorun kvenna úr öllum stjórnmálaflokkum og þremur stærstu kvennahreyfingunum sem

hövttu til þess í upphafi árs að konur yrðu valdar í forystusæti.

Svandís vill rannsókn

Svandís Svavarsdóttir, formaður þingflokks Vinstri grænna, vill rannsókn á styrkveitingum forsætisráðuneytisins til ýmissa verkefna á sviði húsfriðunar og menningartengdra verkefna. Á Alþingi kom fram í svari forsætisráðuneytisins við fyrirspurn frá Brynhildi Pétursdóttur, Bjartri framtíð, að ráðuneytið hafi úthlutað án auglýsinga rúmum 200 milljónum króna

frá því Sigmundur Davíð Gunnlaugsson varð forsætisráðherra og rúmur helmingur fjárins hafi farið til að styrkja ýmis verkefni í kjördæmi forsætisráðherrans. Svandís vill að forsætisnefnd Alþingis óski eftir rannsókn og skýrslu frá Ríkisendurskoðun um málið og er óskinn borinn fram fyrir hönd allra þingflokka stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstaðan metur það svo að svar forsætisráðuneytisins um hvernig peningunum var varið leiði í ljós óljósa stjórnsýslu og ógagnsæi við úthlutun opinbers fjár og því telja þingflokkanir tilefni til að óska eftir aðkomu Ríkisendurskoðunar að málinu.

johanna@frettabladid.is

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



HALLDÓR



Betri Kópavogur

STJÓRN MÁL



Pétur Hrafn Sigurðsson oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi

Það er gott að búa í Kópavogi, þess vegna bý ég þar. Það þýðir ekki að hvorki meggi né þurfi að bæta bæinn okkar, bæta þjónustu við íbúana, bæta skólastarf og bæta húsnæðismálin svo örfá dæmi séu tekin. Markmiðið er að gera Kópavog að betri og öflugri bæ.

Húsnæðismálin eru mikilvægt úrlausnarefni. Nauðsynlegt er að Kópavogur stígi inn og fjölgi búsetuúrræðum fyrir ungt fólk sem og félagslegum íbúðum. Þróunin á húsnæðismarkaði höfuðborgarsvæðisins er ekki ásættanleg þar sem lífeyrissjóðir og fjárfestingasjóðir eru að kaupa upp hundruð íbúða. Ungt fólk má sín lítils í slíkri samkeppni. Það er mjög brýnt að ganga strax í þessi mál. Það þarf að endurreisa með einum eða öðrum hætti húsnæðiskerfi sem núverandi ríkisstjórnarflokkar brutu niður á sínum tíma. Andstaða núverandi bæjarstjóra við öflugan leigumarkað hefur komið fram, en mikilvægt er að þau sjónarmið verði ekki ráðandi í Kópavogi eftir kosningar í vor.

Íþrótt- og tómstundamál eru meðal þess sem sveitarfélagið á að standa myndarlega að. Það þarf að bæta og skipuleggja íþrótt- og tómstundastarfið með hagsmuni iðkenda í huga, sérstaklega þeirra sem yngri eru. Öflugt íþróttabandalag í Kópavogi tel ég að geti orðið íþróttastarfinu til mikils framdráttar.

→ Þróunin á húsnæðismarkaði höfuðborgarsvæðisins er ekki ásættanleg þar sem lífeyrissjóðir og fjárfestingasjóðir eru að kaupa upp hundruð íbúða. Ungt fólk má sín lítils í slíkri samkeppni.

Íþróttir og tómstundir snúa ekki einvörðungu að börnum og unglingum. Þar koma allir aldurshópar við sögu. Eldri borgarar í Kópavogi hafa verið virkir á þeim vettvangi og er það vel. Til að nýta enn betur þekkingu þeirra og reynslu tel ég að koma eigi á fót öldungaráði í bænum. Eldri borgarar myndu þar vera umsagnaraðilar og ráðgjafar um hvaðeina sem lýtur að aðstæðum þessa hóps í Kópavogi. Það þarf svo sannarlega að bæta þjónustu við þennan hóp íbúa í bænum.

Undirstaða undir allar góðar hugmyndir fyrir betri Kópavog til framtíðar er að ná tökum á fjármálum Kópavogsbæjar sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hafa skilið eftir í afar slæmu ástandi. Skuldir Kópavogsbæjar nema nú um 40 milljörðum sem er afleitur árangur.

Nýtt fólk sem hefur gefið kost á sér á lista jafnaðarmanna í Kópavogi er tilbúið til að gera Kópavog að betri bæ.

Ráða flokkarnir við ESB?

Evrópustefnur íslenskra stjórnmalaflokka var um langt árabil gefið heitið að bíða og sjá til. Stefnan var svo kölluð í stjórnmálafræði þar sem flokkarnir tóku ekki afstöðu til þess hvort sækja ætti um aðild að Evrópusambandinu eða ekki.

EVROPUMÁL



Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við HÍ

Afstaða flokkanna til aðildarumsóknar er orðin skýrari í dag. Það hefur gert Nei-flokkunum, Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Vinstrihreyfingunni grænu framboði, erfitt um vik. Já-flokkurinn, Samfylkingin, missti tiltrú margra þegar hann komst skammt á veg með aðildarumsóknina á síðasta kjörtímabili. Nýir flokkar virðast flestir eiga erfitt með að móta skýra Evrópustefnu.

Sú spurning hefur vaknað hvaða afleiðingar *bíða og sjá stefnan* og síðan þessi skýrari afstaða hefur haft á flokkana. Skoðum sögu Evrópustefnu flokkanna.

Fram og til baka – ESB-stefnur flokkanna

Sjálfstæðisflokkurinn hélt þeim möguleika opnum að sækja um aðild að Evrópusambandinu allt til ársins 1996. Þá fyrst á landsfundi flokksins var tekið af skarið um að Ísland ætti ekki að sækja um aðild að ESB. Það var byggt á því mati að EES-samningurinn virkaði vel í framkvæmd, væri hagstæður landsmönnum og að framtíð hans væri tryggð eftir að Norðmenn höfðu aðild að ESB. Einnig var ljóst að umræður um hvort sækja ætti um aðild yrðu flokknum erfídar.

Alþýðuflokkurinn aðhylltist að

bíða og sjá stefnuna allt til ársins 1994. En þá ályktaði flokkurinn að sækja ætti um aðild að ESB. Þetta gerði flokkurinn rúmlega þrjátíu árum á eftir systurflokkum sínum í Noregi og Danmörku. Samfylkingin tók upp *að bíða og sjá stefnuna* í kosningabaráttunni 1999. Ekki náðist sátt innan hennar um aðildarumsókn fyrir en þremur árum síðar. Í dag talar flokkurinn skýrt fyrir aðild að ESB og hefur lagt sérstaka áherslu á málið eftir hrun.

Framsóknarflokkurinn tók upp *bíða og sjá stefnuna* á flokksþingi árið 2001. Í kjölfarið reyndi forysta flokksins að koma aðildarumsókn á dagskrá. Fram að þessu hafði flokkurinn verið andvígur ESB-aðild.

Fyrir kosningarnar árið 2009 samþykkti flokkurinn að sækja ætti um aðild að ESB og ganga í sambandið ef tiltekna sérlausnir fengjust. Nú hefur flokkurinn aftur breytt um stefnu og er á móti aðild að ESB.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur aftur á móti verið andvíg aðild að ESB frá stofnun 1999. Það sama átti við um Alþýðubandalagið. Vinstri græn klofnuðu þegar flokkurinn samþykkti að styðja aðildarumsókn. En nokkur sátt virðist ríkja innan flokksins í dag um að ljúka aðildarviðræðunum.

Athyglisvert er að nýir flokkar sem náð hafa sæti á Alþingi á síðustu árum hafa ekki tekið af skarið í kosningabaráttum um það hvort ganga eigi í ESB. Björt framtíð og Píratar töluðu um að ljúka aðildarviðræðunum en ljóst er orðið að þingmenn Bjartar framtíðar eru aðildarsinnar. Borgarahlífing-

→ Það ríkir í raun glundroði þegar kemur að stefnumótun landsins í Evrópumálum.

in var á stundum hlynnt aðildarumsókn og Frjálslyndi flokkurinn lokaði ekki á ESB-umsókn fyrir en undir lokin þegar hann féll af þingi.

ESB klýfur flokkana

Evrópumálin eru flokkunum erfið. Það hefur ekki verið farsælt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að hverfa frá *bíða og sjá stefnunni*. Hann er illa klofinn í málinu. Fjöldi fólks hefur yfirgefið Vinstri græn eftir að opnað var fyrir aðildarumsókn. Ólga kraumar undir niðri í Framsóknarflokknum. Hann slær úr og í. Samfylkingin missti trúverðuleika með því að hægja á aðildarviðræðunum og ná ekki að setja fram samningsmarkmið í veigamestu málaflokkunum. Nýir flokkar virðast flestir hverjir vaklandi í Evrópumálum.

Almenningur taki af skarið?

Það ríkir í raun glundroði þegar kemur að stefnumótun landsins í Evrópumálum. Lengst af var stjórnarstefnan *að bíða og sjá til*, svo *Nei-stefna*, þar á eftir *Já-stefna* og nú aftur *Nei-stefna*. Flokkunum hefur mistekist að framfylgja stefnum sínum og virðast ófærir um að leysa málið. Ætla flokkarnir virkilega að skiptast á um að sækja um aðild að ESB og slíta viðræðum á næstu árum?

Er ekki kominn tími til að afgreiða Evrópumálin? Er ekki kominn tími til að taka Evrópumálin frá valdastofnunum flokkanna og setja þau í hendur kjósenda?

Eigum við að mótmæla harðlega?

Það er ótrúlegt að fylgjast með atburðum í Úkraínu. Þar hafa Rússar ákveðið að beita hervaldi til að freista þess að knésetja ný stjórnvöld í Kænugarði. Byltingin í Úkraínu var gerð í kjölfar mikilla mótmæla frá almenningi. Almennur var ósáttur við stefnu þáverandi forseta að hætta við að undirrita samstarfssamning við ESB og þróa nánara samstarf við Rússland, sem lofaði úkraínskum stjórnvöldum ríflegum fjárstuðningi ef þau hættu við samstarfið við ESB. Þetta átti almenningur í vesturhluta Úkraínu erfitt með að sætta sig við og í kjölfarið brutust út hörð mótmæli sem leiddu til þess að Janúkovítsj forseti hrökklaðist frá völdum.

UTANRÍKISMÁL



Elvar Örn Arason



Gunnar Alexander Ólafsson
stjórnmálafræðingur

sem nágrenna-ríki Rússlands hafa sett af stað nánari útfærslu á stofnsamningi NATÓ (Litháen skoðar nánar 4. gr. NATO-sáttmálans). Ástandið er afar eldfimt og allir aðilar þurfa að gæta þess að stig-

magna ekki deiluna og leita eftir friðsamlegum lausnum.

Athyglisvert er að frá íslenskum stjórnvöldum koma varfærin viðbrögð. Þvert á móti hafa íslensk stjórnvöld undanfarnin misseri fjandskapast við samstarfsþjóðir okkar í ESB (tillaga um slit á ESB-viðræðum), mætt rússnesk stjórnvöld (viðtal forsetans við rússneskt dagblað), sýnt þeim of mikla virðingu (ráðherra og forseti fara á Vetarólympíuleika).

Það skiptir máli að Vesturlönd standi saman og fordæmi rússnesk stjórnvöld harðlega fyrir að beita vopnavaldi gegn sjálfstæðu ríki. Ísland á að mótmæla með virkari hætti en hefur verið gert, t.d. með því að fylgja fordæmi stjórnvalda í Bretlandi og hætta við að senda ráðherra á Vetarólympíuleika fatlaðra sem haldnir verða í Rússlandi. Að okkar mati eiga íslensk stjórnvöld ekki að efla samskipti sín við Rússland, heldur þvert á móti kæla þau samskipti í stað þess að eyða allri sinni orku í að draga úr samskiptum við lýðræðisþjóðir í Evrópu.



5
Ár
Abýrgð
Ótakmarkaður
akstur

ix35

Vandaður – fjórhjóladrifinn

Hyundai ix35, dísil, beinskiptur - Verð: 5.790.000 kr.

Hyundai ix35, dísil, sjálfskiptur - Verð: 6.390.000 kr.

Fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / hiti í fram- og aftursætum / HAC brekkubremsa bakkmyndavél / fjarlægðarskynjarar að aftan og framan / eldsneytisnotkun 5,5 l / 100 km*



HYUNDAI

NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

+

Móðir okkar tengdamóðir,
amma og langamma,

RAGNHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR
Heiða í Auðsholti,
er látin. Jarðarförin auglýst síðar.

Sigríður Ása Einarasdóttir
Guðmundur Gíls Einarsson
Unnsteinn Einarsson
Vilborg Einarasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Gunnar Gunnarsson
Jarprúður Jónsdóttir

Magnús Karlsson

Okkar ástkæri

SNORRI ÞORSTEINSSON
frá Hofsósi

lést í Árósum laugardaginn 1. mars.

Anne Hoffmeyer
Pauli Thorsteinsson



+

INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR
fyrirverandi kennari

lést á heimili sínu að Hrafnistu, Reykjavík,
28. febrúar sl.

Ragnar Jónasson
Björn H. Jónasson



Eva Örnólfsdóttir
Guðrún Þóroddsdóttir

+

Móðir okkar,

ÞORGERÐUR ÞORLEIFSDÓTTIR
Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju
föstudaginn 7. mars kl. 15.00.

Gísli Eiríksson
Björg Eiríksdóttir
Þorleifur Eiríksson
Ívar Eiríksson
Floki Eiríksson
Elín Eiríksdóttir



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

LILJA SUMARRÓS
ÞORLEIFSDÓTTIR
frá Naustahvammí,
Mýrargötu 18, Neskaupstað,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað miðvikudaginn
26. febrúar. Útför hennar fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstu-
daginn 7. mars nk. kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hennar er
bent á Hollvínasamtök Fjórðungssjúkrahúsins í Neskaupstað.

Þorleifur Ólafsson
Eiríkur Ólafsson
Guðbjörg K. Ólafsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Stefanía M. Júlíusdóttir
Guðrún Þ. Nielsdóttir
Hjalte Þórðarson

+

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

INGIRÍÐUR DANÍELSDÓTTIR
frá Kollsá, Hnútafirði,
Bólstaðarhlíð 41,

verður jarðsöngin frá Prestbakkakirkju
laugardaginn 8. mars kl. 11.00. Ferð verður frá
Umferðarmiðstöðinni kl. 8. Sætapanantánir í síma 822-0329.

Erla Karlsdóttir
Ásdís Karlsdóttir
Steinar Karlsson
Margrét Karlsdóttir
Daníel Karlsson
Indriði Karlsson
Sveinn Karlsson
Sigurhans Karlsson
Karl Ingi Karlsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Sigurður Þórólfsson
Eiríkur Bjarnason
Björk Magnúsdóttir
Sigurður Þórðarson
Helga Hreiðarsdóttir
Herdís Einarasdóttir
Guðný Þorsteinsdóttir
Þórey Jónsdóttir
Steinunn Matthíasdóttir



HALLFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR
„Kallarnir sem ráða mestu um tónlistar-
umfjöllun muna flestir fyrst eftir strákunum.“
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Konurnar dúndruðu hressilega í glerþakið

Á uppskeruhátíð Kítón í Hörpu á sunnudaginn stjórnaði Hallfríður Ólafsdóttir félögum úr Sinfóníuhljómsveitinni, fyrst íslenskra kvenna. Hún lærði hljómsveitarstjórn jafnhliða námi í flautuleik, hefur leikið með Sinfó í sautján ár og stjórnað ýmsum tónlistarhópum.

Gekk rosalega vel

„Hallfríður er mjög efnilegur stjórnandi og þetta gekk rosalega vel,“ segir Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari, ein þeirra sem voru í hljómsveitinni sem Hallfríður stjórnaði á sunnudaginn. „Ég hef ekki spilað hjá henni áður, en vissi að hún hefði verið að stjórna hér og þar og var mjög tilbúin að vera með í hljómsveitinni hennar. Mér sýndist líka vera mjög mikil ánægja með þetta framtak. Þótt það halli ekki alls staðar á konur í tónlist þá er það tilfellið mjög víða og gott að vera meðvitaður um það.“

„Ég myndi nú vilja að áhuginn sem fólk sýnir þessu stafaði af því að ég er fær hljómsveitarstjóri, en ekki bara af því að ég er kona,“ eru fyrstu viðbrögð Hallfríðar Ólafsdóttur, sem á sunnudaginn stjórnaði félögum úr Sinfóníuhljómsveitinni fyrst íslenskra kvenna, þegar falast er eftir viðtali um þann merka áfanga í íslenskrari tónlistarsögu.

Hallfríður hefur verið flautuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands í sautján ár, auk þess að vera höfundur Maxímúsar músíkúsar og hafa í tæp tíu ár unnið við fræðsluverkefnið sem hann stendur fyrir. Hún lærði flautuleik í Royal Academy of Music í London og tók þar hljómsveitarstjórn sem hliðargrein. „Þar fékk ég leiðsögn um þetta fag. Síðan hef ég bara haft svo mikið að gera sem flautuleikari en hef af og til verið veifandi höndunum einhvers staðar og hef mikla ástríðu til þess að miðla tónlist. Þó þetta hafi verið litlir hópar sem ég hef verið að stjórna þá hef ég oft verið að vinna mjög flókin verkefni. Við höfum verið að spila nútímatónlist á Norrænum músíkdögum, Myrkum músíkdögum og víðar og það er alltaf gaman að gera eitthvað sem maður finnur að maður ræður við, það örvar mann til dáða. En ég hef ekki lagt neina ofuráherslu á að koma mér á

framfæri sem hljómsveitarstjóra enda haft nóg að gera við að ala upp börnin, sinna fræðsluverkefninu með Maxímús og spila í Sinfóníuhljómsveitinni. Þetta tækifæri kom hins vegar á mjög hentugum tíma. Ég get allveg hugsað mér að fara að sinna þessum hluta tónlistarinnar meira og var þess vegna mjög fljót að bjóða mig fram í þetta verkefni fyrir tónleika Kítón.“

Hallfríður segir mjög marga gera sér grein fyrir því að tónlist kvenna fái minni athygli en karla en það séu líka margir sem neiti að horfast í augu við þá staðreynd. „Það er til dæmis mjög auðvelt að afgreiða málið með því að þetta sé ekki eins góð tónlist en við vitum nú flest að það er ekki málið. Kallarnir sem ráða mestu um tónlistarumfjöllun muna flestir fyrst eftir strákunum og strákarnir eru líka duglegri við að koma sjálfum sér á framfæri. Við konur

erum varkárari með það, viljum ekki troða öðrum um tær og erum stundum of hógværar. Auk þess hefur verið sýnt fram á að konur eru gagnrýnni á sjálfar sig og ég er engin undantekning frá þeirri reglu. Þess vegna var ofsalega gaman að um leið og við vorum búin á fyrstu æfingunni fékk ég mikinn meðbyr, bæði frá kollegum mínum sem voru að spila hjá mér og eins frá sprenglærðum hljómsveitarstjóra sem sagði að ég væri „frábær hljómsveitarstjóri“ og hvatti mig til að gera meira af þessu.“

Konur eru ekki margar í stétt hljómsveitarstjóra, þótt það sé nú hægt og hægt að breytast, er hljómsveitarstjórnun kannski eitt síðasta glerþakið sem konur þurfa að brjóta? „Já, og mér fannst mikilvægt að við sýndum á þessum tónleikum að konur eru fullfærar um að stjórna og dúndruðum hressilega í glerþakið.“

fridrikab@frettabladid.is

+

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, afi og langafi,

BALDUR ÞORSTEINN BJARNASON

lést 1. mars á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.
Útförin verður auglýst síðar.

F.h. fjöldskyldunnar,
Iben Sonne
Baldur Þór Baldursson
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Elskulegur bróðir okkar,

JÓN KRISTINN FRÍÐGEIRSSON

er látin. Jarðarförin hefur farið fram í
kyrrþey að ósk hins látna.

Karlína Friðgeirsdóttir
Gunnlaugur Jóhann Friðgeirsson



+

Frændi okkar,

ALBERT MAGNÚSSON

lést laugardaginn 1. mars á dvalarheimilinu
Hornbrekku, Ólafsfirði. Útförin fer fram frá
Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 8. mars kl. 14.00.

Lilja Ólafsdóttir
Sigurður Pálmi Randversson
Gunnar Randversson



+

Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSLAUG MAGNÚSDÓTTIR
dvalarheimilinu Grund,
áður Gnoðarvogi 32,

lést föstudaginn 28. febrúar. Jarðarförin fer
fram frá Áskirkju mánudaginn 10. mars kl. 13.00.

Guðrún R. Axelsdóttir
Eiríkur Bergmann Einarsson
Áslaug Einarasdóttir
og barnabarnabörn.



Einar Eiríksson
Aino Freyja Jarvela

OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER II

ROLEX

M

MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. mars 2014 | 22. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

TAKTU GRÆNU
SKREFIN
MEÐ OKKUR!

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

LEIGUFÉLAG AÐ SKANDINAVÍSKRI FYRIRMYND

- Sjóðir á vegum fjármálafyrirtækisins GAMMA hyggjast byggja um 850 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu næstu þrjú árin.
- Gísli Hauksson, forstjóri GAMMA, vill að liðkað sé til fyrir nýbyggingum á stærri einingum með minni íbúðum til hagræðingar fyrir leigjendur.

SÍÐA 6-7

Viðskiptajöfnuður aldrei hærrí

Viðskiptajöfnuður Íslands hefur aldrei mælt hærrí á einu ári en í fyrra. Það á við hvort sem litið er á jöfnuðinn með eða án innlánsstofnana í slitameðferð. Þá er útkoman mun vænlegri en búist var við.

Frá þessu var greint í Morgunkorni Íslandsbanka í gær og þar vísað í bráðabirgðatölur sem Seðlabanki Íslands birti í fyrradag um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi síðasta árs.

Afgangur mældist á undirliggjandi viðskiptajöfnuði á öllum fjórðungum í fyrra, sem hefur aldrei gerst áður. Í heildina var viðskiptaafgangurinn 110,9 milljarðar króna eða 6,2 prósent af vergri landsframleiðslu. Það er mun betri niðurstaða en Seðlabankinn gerði ráð fyrir í nýjustu spá sinni.

- sk

Langtímafjármögnun tryggð

Marel hefur tryggt sér framlengingu á langtímafjármögnun félagsins. Um

Marel

er að ræða fjármögnun sem upphaflega var samið um í nóvember 2010, að fjárhæð 350 milljónir evra, eða um 54,5 milljarða króna.

Fimm alþjóðlegir bankar, ABN Amro, ING, Landsbankinn, LB Lux og Rabobank, koma að fjármögnuninni. Þeir hafa samþykkt að framlengja gjalddaga hennar um eitt ár. Lokagjalddagi fjármögnunarinnar hefur því verið framlengdur til nóvember 2017, samkvæmt tilkynningu Marel.

Sömdu um samstarf í Afríku

Creditinfo og fyrirtækið VoLo Africa hafa ákveðið að hefja samstarf í Afríku. Í tilkynningu Creditinfo segir að fyrirtækið hafi hlotið mikla athygli fyrir uppbyggingu sína á fjármálamörkuðum á þróunarstigi. VoLo hefur hins vegar komið á fót gagnagrunni um einstaklinga í Senegal og Gambíu sem byggir á fingraförum þeirra. Unnið hefur verið að samstarfinu í samráði við og með stuðningi Þróunarbanka Afríku í þeim tilgangi að treysta undirstöður og faglega innviði fjármála-starfsemi í heimsálfunni.

„Aðgangur að lánsfé er ávísun á aukinn hagvöxt og tilgangurinn með samruna okkar og VoLo er að tvíanna saman áreiðanleg persónuskilríki og fjárhagsupplýsingar í þeim tilgangi að auka lánastarfsemi og faglega áhættustýringu í þessum ríkjum,“ segir Reynir Grétarsson, forstjóri Creditinfo.

- fbj



Gæða skrifstofuhúsgögn á góðu verði

Delta
rafmagns
hæðarstillanleg
borð

Allt að
35% afsláttur!

Verð frá kr. 124.302,-*

Delta möppuskápur
Stærð 81x36x120cm

30% afsláttur!

Verð áður kr. 60.096,-

Verð nú kr. 42.067,-

Team 11
skrifborðsstóll

30%
afsláttur!

Verð áður
kr. 83.900,-

Verð nú
kr. 58.730,-

Mikið úryval af vönduðum skrifstofuhúsgögnum á frábæru verði!

Komdu við í verslun okkar að Fosshálsi 1 og kynntu þér málið.

Við tökum vel á móti þér!

Það besta kostar minna en þú heldur

INNXX
Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is

*Ath. Margar útfærslur og stærðir fánlegar. Sumar gerðir þarf að sérpanta.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

7
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkðu í verði

4
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

2
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
FJARSKIPTI
11,2% frá áramótum

FJARSKIPTI
7,1% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
MAREL
-15,2% frá áramótum

NÝHERJI
-7,6% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	144,00	-5,9%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	119,00	-8,5%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	231,00	-11,8%	-4,9%
Fjarskipti (Vodafone)	30,30	11,2%	7,1%
Hagar	41,20	7,3%	1,4%
Icelandair Group	18,90	3,8%	4,1%
Marel	112,85	-15,2%	0,8%
N1	18,15	-4,0%	-2,2%
Nýherji	3,39	-7,1%	-7,6%
Reginn	16,50	6,1%	2,8%
Tryggingamiðstöðin	30,40	-5,1%	3,2%
Vátryggingafélag Íslands	10,51	-2,6%	1,3%
Össur	254,00	10,9%	-0,4%
Úrvalsvisitalan OMX16	1.210,36	-3,9%	1,4%

First North Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	15,00	13,2%	0,0%
HB Grandi	30,00	36,4%	25,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	0,0%	0,0%

Dagatal viðskiptalífsins **keldan** dagatal viðskiptalífsins

- Miðvikudagur 5. mars**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum
 - Vöruskipti við útlönd í febrúar 2014
- Fimmtudagur 6. mars**
- Gistinætur á hótelum í janúar 2014
- Föstudagur 7. mars**
- Helstu liðir í efnahagsreikningi Sí og gjaldeyrisforði
 - Landsframleiðslan 2013
 - Vísitala launa á 4. ársfjórðungi 2013
- Þriðjudagur 11. mars**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
 - Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2013
 - Efnahagslegar skammtímatölur í mars 2014
- Aðalfundur Icelandair Group**
- Fimmtudagur 13. mars**
- Gjaldyrisforði og tengdir liðir
 - Aðalfundur Vátryggingafélags Íslands
- Föstudagur 14. mars**
- Aðalfundur Nýherja
 - Atvinnuleysisstölur fyrir febrúar
 - Fiskafli í febrúar 2014
 - Aðalfundur Össurar
- Þriðjudagur 18. mars**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
 - Verðmæti sjávarafla árið 2013
 - Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum 2013

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Viltu ná betri tengslum við erlenda gesti og viðskiptavini?

Kynntu Ísland fyrir þeim með 52 fróðleiksmolum. Skemmtileg og handhæg gjöf.

Nánar á sölusíðunni www.mycountry.is og [facebook.com/mciceland](https://www.facebook.com/mciceland)

MY COUNTRY

Vissir þú að...

holl og góð fæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga retta

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Bankastjóri Landsbankans segir íþyngjandi skatta geta haft áhrif á kjör viðskiptavina:

Hagnaður upp á 28,8 milljarða

Landsbankinn hagnaðist um 28,8 milljarða króna eftir skatta á árinu 2013 samanborið við 25,5 milljarða króna á árinu 2012. Það er aukning um þrettán prósent milli ára. Þetta kom fram í tilkynningu um ársuppgjör bankans. Þar segir að aukningin skýrist einkum af hærri þjónustutekjum, virðisbreytingum lána og hlutabréfa auk lækkunar á kostnaði.

Eigið fé bankans nam í lok árs 2013 um 241,4 milljörðum króna. Það hefur aukist um sjö prósent frá áramótum 2012 þrátt fyrir tíu milljarða króna arðgreiðslu á árinu. Heildar-eignir bankans námu 1.152 milljörðum í lok árs 2013.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir í tilkynningunni að afkoma bankans sé góð og að hún sýni traustan rekstur á öllum sviðum. Hann segir íþyngjandi skatta hafa verið lagða á fjármálafyrirtæki og að skattgreiðslur bankans nemi nú 12,3 milljörðum á ári.

„Augljóst er að svo þungir skattar kunna að hafa áhrif á kjör til viðskiptavina til lengri tíma,“ segir Steinþór.



GOTT UPPGJÖR Steinþór Pálsson segir mikinn árangur hafa náðst við hagræðingu í rekstri Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skráningu Reita frestað fram á haust

Stærsta fasteignafélag landsins fer ekki á markað í vor. Reitir hafa ekki enn gengið frá sátt við Seðlabanka Íslands vegna meintra brota á gjaldeyrislögum og það tefur endurfjármögnun félagsins.

VIÐSKIPTI
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Fasteignafélagið Reitir fer ekki í Kauphöllina í vor eins og til stóð og skráning þess frestast fram á haust. Ástæðan er að félagið hefur ekki enn gengið frá sátt við Seðlabanka Íslands vegna viðauka í samningum Reita við þýskan lánveitanda sem Seðlabankinn telur ganga gegn gjaldeyrislögum.

„Staðan er einfaldlega sú að það hafa engar dagsetningar verið ákveðnar og úr þessu er það mitt mat að við förum ekki á markað fyrir en eftir sumarið,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita.

Félagið skuldar Hypothekebank Frankfurt AG um fimmtán milljarða króna. Seðlabankinn gerði í desember 2012 athugasemdir við nokkra viðauka í þremur lánasamningum Reita við þýska bankann frá árinu 2009. Samningarnir voru hluti af endurskipulagningu félagsins en viðaukarnir fóru í gegn án þess að leitað væri eftir undanþágum Seðlabankans fyrir breytingunum.

„Viðaukarnir voru partur af endurskipulagningu okkar því erlendi bankinn féllst ekki á að koma inn í eigendahópinn eins og hinir lánveitendurnir sem yfir-tóku Landic Property. Þýski bankinn féllst einungis á að vera lánveitandi og þá voru gerðir viðaukar við lánasamninga sem



FORSTJÓRINN Stefnt hefur verið að skráningu Reita á markað frá stofnun félagsins í lok árs 2009. MYND/REITIR

gerðir voru fyrir 2009. Seðlabankinn hefur haldið því fram að viðaukarnir gangi gegn gjaldeyrishöftum og hefur neitað okkur um að greiða afborganir af þessum lánunum í erlendri mynt síðan málið var tekið til skoðunar. Við erum að standa í skilum með lánið með því að leggja inn á veðsetta reikninga á Íslandi,“ segir Guðjón.

Reitir og þýski bankinn gerðu breytingar á lánasamningunum sem eiga að sögn Guðjóns að fullnægja skilyrðum Seðlabankans. Skjöl þar að lútandi eru nú til yfirferðar hjá Seðlabankanum.

„Málið hefur aldrei farið fyrir dómstóla og að við erum að reyna að ná sátt áður en svo fer. Við höfum verið á þeirri vegferð að fá þennan erlenda lánveitanda til

að fallast á sjónarmið Seðlabankans til að teyja ekki vegferð okkar til skráningar. Ég á ekki von á öðru en að við heyrum fljótlega frá Seðlabankanum og þá förum við að nálgast ákveðinn endastað.“

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins. Það er í eigu Arion banka (43%), Landsbankans (29,6%), Þrotabús Icelandic Property (16%) og Íslandsbanka (5,8%). Á síðasta ári stóð til að endurfjármagna félagið með aðkomu nokkurra lífeyrissjóða.

„Það hefur ekki gengið í gegn ennþá en það hefur verið skrifað undir sölu til lífeyrissjóðanna og fjármögnun á skuldum félagsins og um það er samkomulag en með þeim fyrirvara að þessi Seðlabankamál leysist,“ segir Guðjón.

Póst- og fjarskiptastofnun hyggst heimila sameiningu dreifikerfa Vodafone og Nova:

PFS kallar eftir samráði

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur kallað eftir samráði við hagsmunaaðila vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar stofnunarinnar um að heimila Vodafone og Nova samnýtingu á tíðnum sem félögunum hefur verið úthlutað.

Félögin tvö stefna að stofnun nýs rekstrarfélags sem verður í jafnri eigu þeirra. Nýja félagið á að sjá um uppbyggingu, eignarhald og þróun dreifikerfis fyrir alla almenna farsímaþjónustu Vodafone og Nova og sameina núverandi kerfi félaganna í eitt alhliða farsímadreifikerfi.

Frá þessu er greint í frétt á vef PFS þar sem segir að stofnunin ætli að veita samþykki sitt fyrir fyrirhugaðri samnýtingu. Það verði hins vegar ekki gert fyrir en áhugasamir hagsmunaaðilar hafi skilað inn umsögnum. Stofnunin tekur fram að samráðið taki eingöngu til samnýtingar tíðna en ekki samkeppnislegra áhrifa sem af samstarfinu kunni að stafa. Því eigi hagsmunaaðilar sem vilji tjá sig um slík áhrif samstarfsins að beina þeim til Samkeppnis-eftirlitsins.



PFS Stofnunin mun birta opinberlega allar umsagnir og athugasemdir sem berast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu



Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel

Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Þekking sprettur af áhuga

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



Á LEIÐ FYRIR DÓMARA Subrata Roy fékk yfir sig blekgusu frá reiðum lögmanni þegar verið var að leiða hann fyrir dómara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sakaður um fleiri hundruð milljarða fjárvik:

Viðskiptajöfur fékk blekgusu í andlitið

Indverskur auðjefur sem sakaður er um stórfelld fjárvik fékk í andlitið blekgusu þar sem hann var á leið inn í hæstarétt í Nýju-Delí á Indlandi í gær. Árásarmaðurinn sem skvetti á hann hrópaði að honum ókvæðisorð um leið.

Subrata Roy, sem fer fyrir Sahara India-samsteypunni, fékk gusuna á ennið og yfir hálf andlitið.

„Subrata Roy er þjófur. Hann sveik okkur og stal frá okkur!“ segir fréttastofa AP að árásarmaðurinn hafi hrópað. Sjónvarpsstöðvar á Indlandi hafi svo nafngreint hann sem Manoj Shjarma lögmann. Lögregla handtók

Shjarma á staðnum.

Verðbréfaeftirlit Indlands hefur sakað Sahara India um að safna nærri 200 milljörðum rúpía (rúmlega 360 milljörðum króna) með verðbréfaútgáfu sem síðar kom í ljós að var ólögleg.

Hæstiréttur kvað í gær upp úrskurð um að Roy og tveir aðrir yfirmenn samsteypunnar ættu að sitja í fangelsi þar til rétturinn ákvæði annað. Næst verður málið tekið fyrir ellefta þessa mánaðar.

Þá lagði rétturinn fyrir lögmennt Sahara India að leggja fram áætlun um hvernig félagið ætlaði að endurgreiða fjárfestum. - ók

Selja á ríkisfyrirtæki í stórum stíl á Kýpur:

Umdeild lög samþykkt

Kýpur hefur í annarri atrennu samþykkt umdeild lög sem heimila sölu fjölda ríkisfyrirtækja. Landið fær í kjölfarið næsta skammt neyðaraðstoðar. Lögin voru samþykkt í gær með 30 atkvæðum gegn 26 og var þar með snúið við ákvörðun þingsins frá því fyrir helgi. Núna naut ríkisstjórnin stuðnings lítills hægriflokks á móti eftirgjöf á vinnuöryggislöggjöf.

Ríkisstjórnin sagði að yrðu lögin ekki samþykkt ætti landið á hættu gjaldprot á næstu mánuðum. - ók



MÓTMÆLT VIÐ ÞINGHÚSIÐ Samkvæmt samningi Kýpurs um neyðaraðstoð þarf landið að afla 1,4 milljarða evra (217 milljarða króna) með sölu ríkisfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gott gengi TM Software: Tekjur jukust um 70 prósent

Erlendar tekjur hugbúnaðarfyrirtækisins TM Software jukust um sjötíu prósent á síðasta ári. Þær námu þá fjórutíu prósentum af heildartekjum fyrirtækisins, samkvæmt tilkynningu.

Að auki jókst velta fyrirtækisins um 25 prósent á árinu. TM Software er dótturfélag Nýherja og það sérhæfir sig í framleiðslu á eigin hugbúnaðarvörum og ráðgjöf og þjónustu á sérhæfðum hugbúnaðarlausnum. - hg



FORSÝNING HIÁ VOLKSWAGEN Gestir á forsyningu Volkswagen Group í Genf í Sviss á mánudag. Sýningin er hluti af 84. alþjóðlegu bílasýningunni í Genf og gladdi þar meðal annars augun nýr gulur Lamborghini Huracan. Sýningin er opin gestum og gangandi 6. til 16. þessa mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hækkaði vegna Úkraínufréttanna en féll svo snarlega aftur:

Verð hráolíu lækkaði

Hráolíuverð lækkaði snarpt í gær eftir að hafa hækkað mikið daginn áður vegna áhyggna af því að Rússar yrðu mögulega beittir refsiaðgerðum vegna ástandsins í Úkraínu. Rússland er eitt af helstu orkuframleiðslulöndum heims.

Um miðjan dag í gær hafði verð á hráolíu til afhendingar í apríl lækkað um 1,58 dali tunnan



og stóð í 103,34 dölum á markaði í New York, að því er fréttaveita AP greinir frá. Á mánudag hafði verðið hækkað um 2,33 dali og endaði tunniverðið í 104,92 dölum.

Brent-hráolía, sem er notuð sem viðmið í verðlagningu á fleiri tegundum hráolíu víða um heim, lækkaði í gær um 1,83 dali í ICE Futures-kauphöllinni í Lundúnum í 109,37 dali tunnan. - ók

Framleiðendur hafa vara á vegna Rússa

Mögulegar refsiaðgerðir gegn Rússum vegna inngríps þeirra í mál-efni Úkraínu ógna áætlunum bílaframleiðenda í Evrópu. Rússland vegur þungt í sölu stærstu framleiðenda og óvissa er um þróunina.

BÍLAÐNAÐUR

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Bílaframleiðendur í Evrópu hafa vara á sér vegna stöðunnar sem upp er komin í samskiptum Rússa við umheiminn.

Fréttaveita AP greinir frá því að á upphafsdegi alþjóðlegru bílasýningarinnar í Genf í gær hafi komið fram að framleiðendur búi sig undir að breyta markaðsáætlunum sínum í snatri vegna mögulegra refsiaðgerða á hendur Rússum vegna inngríps landsins í mál-efni Úkraínu.

Rússlandsmarkaður hefur leikið lykilllutverk í áætlunum kreppuhrjáðra bílaframleiðenda í Evrópu. Þeir hafa horft til þess að auka sölu sína með aukinni starfsemi í Rússlandi, auk þess að leita þangað eftir samstarfi í sameiginleg verkefni. Óvissa hefur nú aukist um allar slíkar ráðagerðir vegna sívaxandi spennu milli Rússlands og Vesturveldanna sökum Krímskaga, sem er hluti af Úkraínu.

„Það verður alltaf eitthvað til að koma á óvart. Úkraína er dæmi um það. Sveigjanleiki er nauðsynlegur,“ segir Stephen Odell, forstjóri Ford Europe. Hann ræddi við blaðamenn á foropnun fyrir fjölmörgu á Alþjóðlegu bílasýningunni í Genf í gær.

Rússland vegur þungt í áætlunum Ford um að ná aftur arðbærum rekstri í Evrópu fyrir árið 2015, en þar er fyrirtækið með þrjár verk-

Samruni bíla og snjallsíma

Framleiðendur sem kynntu bíla sína á alþjóðlegu bílasýningunni í Genf í ár lögðu mikla áherslu á getuna til að tengja bíla og snjallsíma og gera notkun smáforrita (appa) auðveldari og öruggari. Ferrari, Mercedes-Benz og Volvo forsýndu í vikunni iPhone-tækni Apple fyrir bíla.

Volkswagen er svo meðal bílaframleiðenda sem starfa með Google Inc. við að gera Android-síma óaðskiljanlega kerfi bíla. Vonir Google standa til þess að ljúka því að tengja Android-síma við bíla fyrir lok þessa árs. Martin Winterkorn, forstjóri Volkswagen, sagði í Genf að bílar væru að færast í þá átt að vera eins og fartölvur „með byltgarkenndum afleiðingum fyrir framtíðina“. Viðskiptavinir framtíðarinnar sagði hann að gætu mögulega uppfært hugbúnað bíla sinna heima í bílskúr. Winterkorn spár því líka að stafræna byltingin í bílaframleiðslu breyti hefðbundnu



TAKKAVITLEYSINGAR? Gestir á tæknisýningu Mobile World Congress á Spáni 26. síðasta mánaðar prófa að tengja snjallsíma sína við ConnectedDrive-kerfi BMW. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

útgáfuferli bíla þar sem viðskiptavinir krefjast þess að fá „réttan bíl, með rétttri tækni, á réttum tíma,“ þannig að framleiðendur neyðist hugsanlega til að stytta þann sjö til átta ára tíma sem tekur að hanna og framleiða nýjan bíl. „Á næstu árum stendur bílaíðnaðurinn frammi fyrir einhverju mesta umrótí síðan bíllinn var fundinn upp.“

sniðjur og selur um 120 þúsund bíla á ári.

Odell segir Ford ekki gefa út neinar spár um sölu í Rússlandi á þessu ári „og í hreinskilni sagt, miðað við hvað ástandið er eldfimt, verðum við bara að bíða og sjá“. Mikilvægt sé að hafa áætlun um næstu skref, en hafa hana nægilega sveigjanlega til þess að taka megí á aðstæðum eftir því sem þær koma upp.

Didier Leroy, yfirmaður Toyota í Evrópu, segist vera í tíðu

sambandi við svæðisstjóra sinn í Úkraínu, þar sem fyrirtækið er með 33 Toyota-sölumböð og fimm fyrir Lexus. Þá fylgist Toyota grannt með þróun mála í Rússlandi, en þar seldust 172 þúsund Toyota-bílar í fyrra.

„Hlutirnir gerast mjög hratt,“ segir Leroy. „Það er erfitt að setja fram nokkrar spár.“

Þá segir Leroy að þótt bati sé hafinn á bílmarkaði í Evrópu þá verði hann hægur. „Og samkeppnin verður áfram mjög, mjög hörð.“

GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF ÓLUM, BEISLUM OG TAUMUM FYRIR HUNDA.

flexi
GÆÐIN SKIPTA MÁLI

DÝRARÍKIÐ
Holtaögðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæluðraverslun landsins S: 568 66 68 Ópið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

Snap-on®

DÝRGRIPIR FAGMANNSINS

Snap-on er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á öflugum og traustum verkfærum fyrir öll svið iðnaðar. Snap-on er vörumerki fyrir þá sem gera miklar kröfur um gæði, endingu og áreiðanleika. Fagmenn treysta vörum frá Snap-on, hvort sem það er við flugvéla- og bílaframleiðslu, í byggingariðnaði eða á öðrum sviðum iðnaðar. Kynntu þér Snap-on vörurnar hjá Vélum & verkfærum, úrvalið er ótrúlegt. 85 ára reynsla og ánægja viðskiptavina tryggja gæðin.



 VÉLAR & VERKFÆRI

SKÚTUVOGUR 1 C · 104 REYKJAVÍK · Sími: 550 8500 · FAX 5508510 · www.vv.is



LEIGUFÉLAG Gísli Hauksson, forstjóri GAMMA, segir mesta eftirspurn eftir tveggja til þriggja herbergja íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vilja mæta þörfinni fyrir minni íbúðir á höfuðborgarsvæðinu

Sjóðir á vegum GAMMA fjármálafyrirtækis hafa búið til Leigufélag Íslands sem á nú um 350 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu en ætla sér að fjölga þeim um 850 íbúðir á næstu þremur árum. Forstjóri félagsins segir þörfina fyrir slíkar íbúðir vera gríðarlega og kallað hafi verið eftir leigufélagi af þessu tagi hér á landi um árabil.

VIÐTAL

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Fjármálafyrirtækið GAMMA, eða GAM Management hf. hefur vakið mikla athygli fyrir umsvif sín á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu síðustu misseri. Gísli Hauksson, forstjóri félagsins, segir hugmyndina vera að reka klassískt leigufélag að skandinavískri fyrirmynd, þar sem fólk geti leigt til langs tíma.

„Við höfum unnið töluverða ráðgjafarvinnu um fasteignamarkaðinn. Sérstaklega unnum við stóra skýrslu haustið 2011 sem var eiginlega upphafið að því að við ákváðum að fara út í að fjárfesta í íbúðarhúsnæði,“ segir Gísli í samtali við Markaðinn.

HÓFST MEÐ SKÝRSLUGERÐ

„Við fórum nákvæmlega yfir markaðinn, töldum íbúðir og skoðuðum lýðfræði og mannfjöldapróun Íslendinga og niðurstaðan var einfaldlega sú að það var lítið sem ekkert af lausum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að fyrirsjáanlegt væri að fram undan væri mjög mikil vöntun á slíku húsnæði,“ segir Gísli.

Hann segir risastórar kynslóðir væntanlegar inn á fasteigna-

markaðinn sem og mikla fjölgun ferðamanna sem koma til landsins, sem geri það að verkum að hér verði mikil eftirspurn eftir íbúðum. Gísli segir einnig augljóst að til séu einstaklingar sem kjósa það að vera á leigumarkaði í lengri tíma frekar en að eiga sitt eigið húsnæði.

Þeir hjá GAMMA hyggjast breyta þessari stöðu á næstu árum.

NÁTTÚRULEG EFTIRSPURN

GAMMA rekur sjóðina Centrum, Eclipse og Novus sem eiga Leigufélag Íslands. Það er um sýslufélag, en Gísli segir fjárfesta þess vera langtímafjárfesta sem líti á fasteignir eins og langtíma skuldabréf. Leigufélagið á núna um 350 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta eru langmest tveggja til þriggja herbergja íbúðir, eftirspurnin er langmest eftir þeim og það eru biðlistar eftir slíkum íbúðum enda hefur mjög lítið verið byggt af þeim á síðustu áratugum. Það eru síðan 90 prósent af þessum íbúðum í langtímaleigu, það er að segja í tólf mánuði eða lengur en 30-40 íbúðir í skammtímaleigu í miðbænum,“ segir Gísli en skammtímaleiguíbúðir GAMMA eru leigðar ferðamönnum.

„Leigjendur hafa bara ekkert val í dag, fólk getur í mesta lagi

leigt kannski í eitt ár þannig að þetta er ekkert raunverulegur valkostur fyrir fólk sem vill eða þarf að leigja,“ segir Gísli.

Gísli segir þessa miklu eftirspurn vera náttúrulega, þar sem yngsti kaupendahópurinn fari stækkandi og eftir hrun hafi uppbyggingin stöðvast í sex ár.

„Í rauninni var sama sem ekkert byggt frá miðju ári 2007 þangað til í lok árs 2012, þetta er lengsta stopp í byggingum á íbúðarhúsnæði á Íslandi síðustu áratugi. Þetta kemur á sama tíma og það er alveg gífurlega mikið af ungu fólki að koma á markaðinn,“ segir Gísli.

Þá hafi byggingarkostnaður verið meiri en markaðsverð lengst af. Búið sé að flytja tæki og tól úr landi, sem og að fjárfestar hafi haldið að sér höndum. Einnig hafi lítið framboð af hótélherbergjum og hröð aukning ferðamanna tekið íbúðir af markaði miðsvæðis.

„Þessar aðstæður eru að bitna á ungu fólki. Eftirspurn eftir leiguíbúðum hefur aukist en ekki verið aðstæður til að bregðast við. Þetta er einn af þeim valkostum sem Leigufélagið býður upp á, til að auka fjölbreytileikann, sem kallað hefur verið eftir hér á landi árum saman,“ segir Gísli.

Hann segir GAMMA gera ráð fyrir að það taki byggingageirann þrjú til fjögur ár að ná að

HVAÐ ER GAMMA?

GAMMA eða GAM Management hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða. Félagið var stofnað 1. júní 2008 af Gísla Haukssyni og Agnari Tómasi Möller en þeir eiga samtals 62% í félaginu.

Hjá félaginu starfa í heildina um 20 starfsmenn, með mismunandi reynslu af störfum á fjármálamarkaði og menntun til að mynda í hagfræði, verkfræði, fjármálaverkfærði og stærðfræði.

Meðal viðskiptavina félagsins, sem er með um 45 milljarða í eignastýringu, eru öll tryggingafélög landsins, 13 lífeyrissjóðir, bankar, fyrirtæki og yfir 500 einstaklingar. Eigið fé félagsins er um 600 milljónir króna.

framleiða aftur þann fjölda af íbúðum sem vantar til að mæta eftirspurn.

„Það eru um það bil 5.000 íbúðir sem mun vanta, það er mjög mikill skortur á íbúðum sem við ætlum að reyna að mæta með því að byggja um 850 íbúðir og flestar af þeim fara svo í útleigu,“ segir Gísli.

EKKI SKILNINGUR Á HAGKVÆMNI

Gísli segir að ekki sé skilningur á mikilvægi þess að byggja hagkvæmar stórar einingar með litlum ódýrum íbúðum en alltof fáum lóðum sé úthlutað fyrir slíkt húsnæði. Hann hefur mjög sterkar skoðanir á því hvernig hægt væri að lækka byggingarkostnað og þar af leiðandi lækka leigu- og íbúðaverð.

„Ég er mjög ánægður til dæmis með nýja aðalskipulagið sem gerir ráð fyrir að þetta byggð og

byggja hagkvæmar einingar og fækka bílastæðum. Það verður að vera valkostur fyrir þá sem kjósa að búa í miðbænum og ekki með bíl til dæmis,“ segir Gísli sem segir kröfuna um eitt bílastæði á íbúð kosta íbúðareigandann að minnsta kosti fjórar milljónir.

„Fólk kannski keyrir um á sjö eða átta ára gömlum Volkswagen sem er þá helmingi ódýrari en stæðið sem það á undir bílinn. Þetta náttúrulega gengur bara ekki upp,“ segir Gísli.

Hann segir að það þurfi að leiðrétta byggingareglugerðir og einfalda þær þannig að ódýrara sé að byggja húsnæði. „Reglugerðirnar eru allt of stífar,“ segir Gísli.

Lög og ferlar í kringum nýbyggingar geri það að verkum að tæp tvö ár taki að koma upp byggingu frá því ákvörðun er tekin. Hann vill að stimpilgjald á leigufélag vegna kaupna á íbúðarhúsnæði verði lækkað.

FÓLKO

KYNNINGARBLAÐ

HEITAR LAUGAR

Ítarleg grein um íslenskar sundlaugar birtist fyrir nokkrum dögum á vefsíðu norska blaðsins Aftenposten og er þeim mikið hrósað. Vetrarævintýri á Íslandi með öllum sínum heitu laugum er sagt frábært. Blaðið segir að 52 þúsund Norðmenn hafi heim-sótt Ísland á síðasta ári.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



ÞAÐ BESTA FYRIR BÖRNIN

Auður Hafþórsdóttir hjá Halldóri Jónssyni ehf. segir alla þá þekkingu sem starfsfólk NUK hefur aflað sér miða að því að veita foreldrum gleði og börnum þeirra heilbrigða framtíð.

MYND/GVA

AÐEINS ÞAÐ BESTA

HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR Í meira en 100 löndum um allan heim hafa NUK-vörur verið partur af lífi barns á hverjum degi í margar kynslóðir.

Í meira en fimmtíu ár hefur barnavöruframleiðandinn NUK lagt ríka áherslu á að leita nýrra leiða til að gera lífið sem auðveldast fyrir foreldra og aðstoða þá við að efla þroska barna þeirra. „Í rannsóknum, þar sem verið er að athuga gæði og vörubrúun, leggur starfsfólk NUK traust sitt á fagleg heilræði sérfræðinga, svo sem ljósmæðra, lækna, næringarfræðinga og síðast en ekki síst foreldra,“ segir Auður Hafþórsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni, sem flytur inn NUK-barnavörurnar.

„Besta heilræðið er þó frá móður náttúru, sem við sjáum endurspeglast í einstakri hönnun NUK á túttum og snuðum. Sérstakt lag þeirra líkir eins náði eftir brjóstagið og hægt er, tryggir rétta þjálfun vara, tungu og andlitsvöðva og eflir heilbrigðan þroska á tönnum og kjálka.“

Öll vörulína NUK sýnir að þessi nálgun leiðir markvisst að vel hugsuðum lausnum. NUK-vörur eru byggð-

ar hver á annari og eru lagaðar að hverju þroskastigi barna, frá fæðingu til leikskólaaldurs. „Það er fátt eins viðkvæmt og húð ungra barna. Sérfræðingar NUK höfðu það í huga þegar þeir hönnuðu nýju Freestyle-snuðin sem nú eru komin á markað. NUK-Snuðin hafa færri snertifleti við húð barnsins og mikið loftflæði er við munn þess. Með NUK geta foreldrar verið vissir um að þeir séu að gera það rétta fyrir barnið sitt og við viljum að þeir geti treyst á NUK frá byrjun,“ segir Auður.



FREESTYLE

Þessi nýju snuð frá NUK hafa færri snertifleti við húð og þannig verður meira loftflæði um munn barnsins.

OUTLET

Flottir skór á frábæru verði **SKÓR**

aðeins 9900



Herra skór
St. 39-47

aðeins 7900



Dömu skór
St. 36-41

aðeins 9900



Herra skór
St. 41-45

aðeins 2900



Stráka skór
St. 27-39

OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opíð: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407

Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sóttþreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!

Hreinsandi sérhæfir sig í:

- Myglugró
- Djúphreinsun
- Lyktareyðingu
- Sóttþreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.



Hreinsandi
fyrir alla muni

Hreinsandi notar efni frá



Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

Þjáist þú af Mígreⁿⁱ.is

eða einhver sem þú þekkir



Náttúrulegt fyrirbyggjandi vitamin fæðubótarefni ætlað migrenisjúklingum fæst án lyfseðils.

Vísindalega sannað að MigreLief gagnast við migreni Fæst í apótekum og heilsubúðum



MIKIL BREYTING Nýja hótelið verður opnað í sumar á Fáskrúðsfirði. Verið er að leggja lokahönd á framkvæmdir.

MYND/EMMA INGIJÓRG VALSDÓTTIR

FRANSKUR SPÍTALI Í NÝJU HLUTVERKI

NÝTT HÓTEL Gamalt hús fær nýtt hlutverk á Fáskrúðsfirði þegar því verður breytt í hótél. Fróðleg sýning um frönsku sjómennina verður á sama stað.

Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði, sem reistur var árið 1903 að Búðum og var síðar nýttur sem íbúðarhús á Hafnarnesi, fær fljótlega nýtt hlutverk þegar honum verður breytt í hótél á Fáskrúðsfirði. Spítalinn var einn þriggja spítala sem franska ríkisstjórnin lét reisa hérlandis í upphafi síðustu aldar en þá stunduðu franskir sjómenn veiðar á Íslandsmiðum.

Það er Minjavernd sem hefur haft veg og vanda af framkvæmdunum en Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar, segir félagið hafa verið að skima eftir verkefnum á landsbyggðinni þegar starfsmenn þess hnutu um spítalann þar sem hann stóð í eyði úti á Hafnarnesi.

„Í fyrstu var hugmyndin að ráðast í endurbætur á húsinu þar sem það stóð en fljótlega sáum við að erfitt var að finna not fyrir húsið þar. Því var ákveðið að flytja húsið aftur til Fáskrúðsfjarðar. Upphaflega voru uppi hugmyndir um að setja það á gamla sökkulinn en við fundum betri stað á ónýttri lóð, fyrir neðan Læknishúsið sem Frakkar reistu árið 1907.“

Eftir að veiðar franskra sjómanna lögðust niður var húsið flutt sjóleiðis út á Hafnarnes árið 1939 og nýtt sem íbúðarhús og skóli. Mest bjuggu þar milli 50-60 manns. Frá árinu 1964 hefur húsið hins vegar staðið autt og nær ekkert viðhald fengið.

„Ákvörðun um endurbætur var tekin árið 2008 og síðan þá hefur verkefnið vaxið töluvert. Ekki eingöngu var spítalinn tekinn í gegn heldur einnig Læknishúsið, sjúkraskýlið sem var fyrsta húsið sem Frakkar reistu þar, kapellan frá 1898 og síðan byggðum við eftirmynd af líkhúsinu. Þannig var framkvæmdin orðin stórt verkefni sem skiptir atvinnulífi á Fáskrúðsfirði miklu máli og gerir heilmikið fyrir bæjarbraginn.“

Í sumar mun Fosshótel opna þar þriggja stjörnu hótél en húsið verður tengt við Læknishúsið með göngum. Í hótelinu verða 26 rúmgóð herbergi til að byrja með og veglegur veitinga-



EYÐIBÝLIÐ Franski spítalinn stóð í eyði frá 1964 og fékk nær ekkert viðhald á þeim tíma.



BREYTT BÆJARMYND Endurbætt kapella og sjúkraskýli.



staður. Í Læknishúsinu og göngunum milli húsanna verður sett upp sýning um frönsku sjómennina, húsin tvö og samskipti þjóðanna undanfarnar aldir.

Stefnt er að því að opna hótelið um mánaðamótin maí-júní en formleg opnun verður 14. júní. Safnið verður opnað á sama tíma en formleg opnun þess, ásamt blessun kapellunnar, verður á Frönskum dögum 26. júlí.

■ starri@365.is



SPÍTALINN FLYTUR UM SET Flutningur hófst í september 2010.

MYNDIR/ÞORSTEINN BERGSSON

FERMINGAR

Sérblaðið Fermingar kemur út fimmtudaginn 13.mars

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Sverrir Birgir Sverrisson
Sími 512 5432
sverrirb@365.is

Kolbeinn Kolbeinsson
Sími 512 5447
kolli@365.is



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**ÞÚ ERT
EKKI
ÞÚ ÞEGAR
ÞÚ ERT
SVANGUR**



ER MÁLIÐ!

atvinna

SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN OG MÚRARAR SEM
ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

S. 777 2 333

fasteignir

113
Reykjavík

Marteinslaug 7



OPIÐ HÚS

Miðvikudag 5. mars 17:30 - 18:00



Allar nánari upplýsingar veitir
Svan G. Guðlaugsson
sölufulltrúi
sími: 697-9300
svan@miklaborg.is

Falleg 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð
í lyftuhúsi.

Gott skipulag, stórar stofur, eldhús og
bílastæði í bílastæðishúsi.

Flott staðsetning og stutt í skóla og
útivist



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **34,9 millj.**

FASTEIGNASALAN 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

fundir / mannfagnaður

Aðalfundur

Aðalfundur Hestamannafélagsins Spretts
verður haldinn miðvikudaginn 12.03. 2014 kl. 20.00
í veislusal reiðhalla Spretts á Kjóavöllum.
Dagskrá fundarins verður í samræmi við ákvæði
10. gr. laga félagsins.

Félagmenn eru hvattir til að mæta.

Stjórn Hestamannafélagsins Spretts

fasteignir



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Norðurbrú 1, Garðabæ - 3ja herbergja íbúð

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00



OPIÐ HÚS



Glæsileg 105,7 fm. 3ja
herbergja íbúð á 2. hæð í
Sjálalandinu í Garðabæ auk
sér stæðis í bílageymslu
í kjallara hússins. Stórir
gólfsíðir gluggar eru í
allra íbúðinni og hún því
björt fyrir vikið. Rúmgóð og björt stofa. Eldhús með fallegum
eikarinnréttingum. Skápar í báðum herbergjum.
Svalir til suðvesturs með útsýni yfir hraunið. **Verð 33,9 millj.**

Íbúð merkt 0203. Úlfar og Kristín á bjöllu. Verið velkomin.

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



SAF T



Bakkasmári 3 - Kópavogi

Opið hús miðvikud. 5. mars frá kl. 18:00 til 19:00



OPIÐ HÚS

Til sölu parhús við Bakkasmára Kópavogi, ásamt bílskúr.

Efri hæð skiptist í forstofu sem er flísalögð og með stórum fataskáp.
Inn af forstofu er svefnherbergi/vinnuherbergi sem er parketlagt með
fallegu eikarparketi eins og bæði stofur og önnur svefnherbergi í húsinu.
Á efri hæðinni eru einnig 2 stofur með góðu útsýni, eldhús og gesta WC.
Stórar svalir. Á jarðhæð eru 4 rúmgóð svefnherbergi. Í hjónaherbergi er
stór fataskápur og einnig stórt fataherbergi. Par eru 2 böð, annað með
góðri sturtuáðstöðu, en hitt með nuddkari og stórrí innréttingu. Ryksuga
er innbyggð og tekin út úr vegg. Loftluggi er yfir stigangi. Loftvífta er yfir
stigangangi sem fylgir. Gott þvottahús með innréttingum. Garðurinn er með
skjólveggjum og hellulagður en gróurbelti á lóðarmörkum, ekkert gras.

ÁRMÚLI 4-6

VEL STAÐSETT
LEIGUHÚSNÆÐI
OG NÆG BÍLASTÆÐI



JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

TIL LEIGU

Ármúli 4-6, 108 Reykjavík

Skrifstofuhúsnæði.

Samtals um 3.277 fm.

Húsin eru samtengd og hafa verið nýtt sem ein
heild en auðvelt er að skipta húsunum upp og
leigja út í minni einingum. Bak við húsin er fallegur
garður. Leigusali er tilbúinn til að endurinnrétta
húsin og aðlaga að þörfum leigjanda.

Ármúli 4 sem er 1.677 fm. er í dag innréttaður með
mörgum lokuðum skrifstofum en Ármúli 6 sem er
1.600 fm. er innréttaður sem blanda af opnum
vinnurýmum og fundarherbergjum / skrifstofum.

Allar nánari upplýsingar veitir:



Bergsveinn Ólafsson
Rekstrarfræðingur

534 1028 / 863 5868 - bergsveinn@jofur.is



Helgi Bjarnason
Viðskiptafræðingur, MBA
Löggiltur leigumálar / Löggiltur fasteignasali

534 1022 / 663 2411 - helgi@jofur.is

„Það er vitaskuld hindrun að leigufélag þurfi að borga 1,6% hærra verð fyrir eign en einstaklingur í sömu hagleiðingum,“ segir Gísli.

EKKI ROSALEGUR GRÓÐABISNESS

Spurður hvort leigufélagið þeirra „skrúfi upp leiguverð“ á markaðnum eins og sums staðar hefur verið haldið fram segir Gísli svo ekki vera. „Það er svo mikil stærðarhagkvæmni hjá okkur að við getum haft verðið hagstæðara, það er alveg á hreinu og fólk fær miklu betri þjónustu og lengri leigusamninga svona. Við erum að fara að bjóða fólki upp á að leigja til þriggja ára í senn, það hefur algerlega vantað,“ segir Gísli. Hann segir ávöxtun þessara verkefna vera ágæta. „Þetta er langtímafjárfesting sem skilar svona sæmilegri ávöxtun, þetta er ekkert einhver rosalegur gróðabusiness,“ segir Gísli.


LÍTILL HLUTI MARKAÐARINS

Gísli segir Leigufélag Íslands ekki vera stórt miðað við markaðinn í heild. Íbúðirnar 350 séu að mestu leyti keyptar árið 2012, en vikuvelta með fasteignir á höfuðborgarsvæðinu séu 150 eignir þannig að aðeins sé um að ræða lítinn hluta viðskipta eða rúmlega tveggja vikna veltu. „Hlutdeild lögaðila í viðskiptum með íbúðarhúsnæði hefur ekkert aukist, opinberir aðilar hafa staðfest það. Búseti, Íbúðalánasjóður (Klettur), Félagsbústaðir og Félagsstofnun stúdenta eiga mörg þúsund íbúðir og Leigufélag Íslands því lítill hluti markaðarins,“ segir Gísli að lokum.

ÍBÚÐIR Í EIGU SJÓÐA GAMMA Í ÚTLEIGU EÐA UPPBYGGINGU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

 Íbúðir í útleigu

 Íbúðir sem áætlað er að byggja



GAMMA stefnir að nýbyggingu um 850 íbúða á næstu árum.

- Um 200 íbúðir verða byggðar í Reykjavík, það er á Laugavegi, í Skipholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi og fleiri stöðum.
- Um 280 íbúðir verða byggðar í Kópavogi, það er í Vindakór, Austurkór, Vesturvör og fleiri stöðum.
- Um 50 íbúðir verða byggðar í Hafnarfirði, það er í Skipalóni.
- Um 100 íbúðir verða byggðar í Mosfellsbæ á Helgafellslandi.
- Um 50 íbúðir verða byggðar í Garðabæ, það er í Urriðaholti.
- Um er að ræða eignir þar sem verið er að hefja byggingarvinnu.
- Þá er GAMMA einnig með þróunarverkefni í gangi en heildarfjöldi íbúða sem úr því koma liggur ekki fyrir.

AÐALFUNDUR FJARSKIPTA HF.

Aðalfundur FjarSKIPTA hf. (Vodafone) verður haldinn miðvikudaginn 26. mars 2014 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2013.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillaga um arðgreiðslustefnu félagsins.
5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2014.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning endurskoðanda félagsins.
9. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
10. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins vodafone.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl 09:00 – 16:00.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 föstudaginn 21. mars 2014. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 12. mars 2014.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl 15:30 á aðalfundardegi.



Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

PÉTUR MARTEINSSON

Samkeppnin er orðin mikil og ég held að það sé af hinu góða

Pétur Marteinson er gestur Klinksins á Visir.is í þessari viku.

Pétur er einn eigenda og stofnenda Kex hostels á Skúlagötu, ásamt því að stefna að opnun veitingastaðarins Dills á Hverfisgötu á næstunni.

Pétur ræddi við Klinkið um hostel og veitingareksturinn, nýju staðina á Hverfisgötu þar sem einnig verður opnaður pitsustaður en Pétur og félagar ætla að reyna að breyta pitsumenningu landans.

Pétur er einnig ásamt vinum sínum í Vesturbænum að stefna á opnun kaffihúss rétt við sundlauginna þar, en þeir vinir telja þörf á slíku í hverfið þar sem íbúar geta farið fótgangandi til að lyfta sér upp í góða vana hópi.

➤ **klinkið**

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



➤ Viðtalið við Pétur Marteinson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu** á www.visir.is.

Það sem skiptir máli í lífinu

Kveikjan að Kexi hosteli var spjall Péturs og vina hans um hvað skipti þá máli í lífinu; tónlist, matur, drykkur, bjór og vín. Eftir að þeir fundu húsnæðið á Skúlagötu 28 – gömlu kexverksmiðjuna Frón – varð ekki aftur snúið.

Kex, Dill og pitsur

Fyrir tveimur árum hóf Gunnar Karl Gíslason, yfirkokkur á veitingastaðnum Dilli í Norræna húsinu, samstarf við Pétur og félagar hans á Kexinu. Gunnar sér um matseðilinn á Kexi og Dill verður fljótlega flutt úr Norræna húsinu á Hverfisgötu, þar sem staðurinn verður minnkaður. Gunnar mun einnig sjá um pitsustaðinn sem opnaður verður í sama húsi.

Menningarlegur mælikvarði á viðskiptavini

Skemmtileg blanda af matarkrá, viðburðum og tónlist laðar til þeirra þá ferðamenn sem jafnvel eru vanir að vera á hótélum en gætu hugsað sér að vera á hostelinu þeirra. Pétur og félagar hans skilgreina viðskiptavini sína ekki út frá neinum hagrænum mælikvarða heldur frekar menningarlegum mælikvarða. Þeir vilja viðskiptavini sem vilja vera hjá þeim – óháð efnahag.

„ÞAÐ VIRÐIST RÍKJA ÁKVEÐIÐ GULLÆÐI Í FERÐAÞJÓNUSTU. ÞAÐ ER VERIÐ AÐ OPNA HÓTEL OG GISTIHEIMILI OG HOSTEL ÚTI UM ALLAR TRISSUR Í REYKJAVÍK. ÞETTA ER ERFIÐARI BUSINESS HELDUR EN MARGIR HALDA ÞEGAR ÞEIR ANA ÚT Í ÞETTA.“

Söng með Skálmöld í Hörpunni

Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri N1, lærði upphaflega rafmagnsverkfræði í Þýskalandi. Hann hefur stýrt félaginu frá sumri 2012. Eggert er mikill tónlistaráhugamaður og spilar á gítar og syngur í karlakór.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson - haraldur@frettabladid.is

„Við vorum að skila uppgjöri sem var býsna nálægt því sem við höfðum kynnt í okkar fjárfestakynningum í tengslum við útböð og skráningu á markað, annars vegar hvað varðar afkomu og hins vegar tillögur um arðgreiðslur,“ segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri N1, og vísar í afkomutölur félagsins fyrir árið 2013.

Þar kom fram að heildarhagnaður N1 nam 637 milljónum króna á árinu, samanborett við rúmlega 1.190 milljónir árið 2012, og tillögur stjórnar um arðgreiðslur námu 1.650 milljónum króna.

„Það er verið að leggja til býsna háar arðgreiðslur sem skýrast af því að hér hefur ekki verið greiddur arður í mörg ár.“

Eggert var ráðinn forstjóri N1 sumarið 2012 og þá hafði hann stýrt HB Granda í átta ár.

„Upphaflega lærði ég rafmagnsverkfræði í Þýskalandi og starfaði eftir það sem verkfræðingur hjá Járblendifélaginu á Grundartanga við rannsóknir og þróunarstörf. Eftir fimm ár þar fluttum við fjölskyldan til Spánar þar sem ég tók MBA við IESE-viðskiptaháskólann í Barcelona,“ segir Eggert.

Eftir MBA-námið var Eggert ráðinn til Philips Electronics í Belgíu og árið 2000 til Philips í San José í Kaliforníu þar sem hann starfaði þangað til fjölskyldan flutti aftur heim árið 2004.

„Þetta var gríðarlega lærdómsríkur tími, sérstaklega Kaliforníuárin þar sem við vorum að vinna náið með stóru amerísku tölvufyrirtækjunum Dell, Apple, Hewlett Packard, IBM og Microsoft,“ segir Eggert.

Hann er mikill tónlistaráhugamaður en hann spilar bæði á gítar og syngur í Karlakór Reykjavíkur.



STJÓRNANDI Eggert hafði starfað hjá HB Granda í einungis hálfu ári þegar hann var gerður að forstjóra sjávarútvegsfyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Málefnalegur toppmaður



„Eggert Benedikt er eindæma skemmtilegur félagi og drengur góður. Hann kemur sífellt á óvart með smellnum vísnum sem gefa lífinu lit og lyfta viðskiptaumhverfinu á skemmtilegt plan. Hann hefur einnig mikla tónlistargáfu og stofnar hljómsveitir eins og ekkert sé, ásamt því að syngja með Karlakór Reykjavíkur, það er því aldrei leiðinlegt í kringum Eggert. Sjálfsagt hafa þessar sérgáfur hans stutt við hversu vel honum hefur farnast í íslensku viðskiptalífi, hann er laus við öll látalæti og kemur til dyranna eins og hann er klæddur og nær því góðum tengslum við fólk og fyrirtæki.“

Katrín Olga Jóhannesdóttir, stjórnarformaður Já.is.



„Ég kynntist Eggert í gegnum Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð. Við vorum þar saman í nefnd með tveimur öðrum. Við náðum strax vel saman enda Eggert maður sem gaman er að vera nálægt – skemmtilegur og málefnalegur. Karlinn er ótrúlega hagnæmur og þegar við kynntum niðurstöðu skýrslu sem við unnum að var hún meira og minna í bundnu máli. Íslandsbanki vann síðan þétt með N1 við skráningu félagsins og var sú samvinna frábær í alla staði. Eggert er toppmaður.“

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Iðnþing 2014



Drifkraftur nýrrar sóknar

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið í Íþróttar- og sýningarhöllinni Laugardal fimmtudaginn 6. mars kl. 14-16. Á Iðnþingi verður 20 ára afmæli SI fagnað og fjallað um fjölbreyttan iðnað sem drifkraft nýrrar sóknar og endurreisnar íslensks efnahagslífs.

Fundurinn er öllum opin - léttar veitingar. [Skráning á www.si.is](http://www.si.is)

Dagskrá



Svana Helen Björnsdóttir,
formaður Samtaka iðnaðarins



Ragnheiður Elín Árnadóttir,
iðnaðarráðherra

Ný sókn



Þorsteinn Pálsson,
fv. forsætisráðherra
og framkvæmdastjóri
Vinnuveitendasambandsins



Hilmar Veigar Pétursson,
framkvæmdastjóri CCP



Guðbjörg Edda Eggertsdóttir,
forstjóri Actavis á Íslandi



Fundarstjóri: Ragnar Guðmundsson,
forstjóri Norðurláls

Drifkraftur í iðnaði



Gylfi Gíslason,
framkvæmdastjóri JÁVERKS



Bergsteinn Einarsson,
framkvæmdastjóri Sets



Aðalheiður Héðinsdóttir,
framkvæmdastjóri Kaffitárs



Guðmundur Fertram Sigurjónsson,
framkvæmdastjóri Kerecis



Sannir stjórnámalámen

Rannsóknarlögreglumennirnir og félagarnir Rustin Cohle og Martin Hart úr þáttunum True Detective hafa farið á kostum í besta sjónvarps-efni ársins. Áhorfendur hafa fengið að fylgjast með lögreglumönnum rannsaka óhugnanlegt morðmál og mannhvörf. Rannsóknin hefur dregið þá í gegnum gruggug fen Louisiana þar sem þeir leita morðingjans og ákveðin kaflaskil urðu þegar Hart drap viðurstyggilegan hrotta sem þeir grunuðu um ódæðin. Þá voru félagarnir hylltir sem hetjur og næstu árin á eftir lifðu þeir í þeirri trú að málið væri leyst.

Ráðherrarnir og félagarnir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson hafa í viðtölum í fjölmiðlum séð okkur fyrir næstbesta sjónvarpsfni ársins. Áhorfendur hafa fengið að fylgjast með ráðherrunum ræða og verja stefnumál ríkisstjórnarinnar og kosningaloforð. Viðtölin hafa dregið þá í gegnum gruggug fen íslenskra stjórnámalá í leit að útfærslum á stefnumálum og loforðum síðustu alþingiskosninga þegar ákveðin kaflaskil urðu og flokkar þeirra náðu tveggja flokka meirihluta. Þá voru félagarnir hylltir sem hetjur og nú mánuðum síðar virtist kjörtímabilið ætla að verða leikur einn.

Markaðshornið
Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Niðurstöður þeirrar vinnu eiga vonandi eftir að hleypa smá lífi í stjórnámalin og í ofanálag ættu einungis að vera um þrjú mánuðir þangað til skuldaleiðréttingin hefst.

Ágætis byrjun
Um hálfu ári eftir að ríkisstjórnin var mynduð kynntu ráðherrarnir tveir aðgerðaráætlun um höfuðstólslækkun húsnæðislána, stærsta kosningaloforð Framsóknarflokksins. Með henni ætlar ríkisstjórnin að lækka höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og koma á skattaávilnun sem mun gera heimilum sem skulda húsnæðislán kleift að nýta greiðslur sem ella rynnur inn í sér eignarsjóði til að greiða inn á lánin. Heildarumfang aðgerðarinnar er metið á um 150 milljarða króna og bankaskattur á að fjármagna skuldalækkunina næstu fjögur árin. Nokkrum vikum síðar þegar árið 2013 var gert upp í Kryddsfld Stöðvar 2 virtist gagnrýni formanna stjórnarandstöðuflokkanna á skuldaleiðréttunguna oft missa marks.

Premur vikum síðar, tíu dögum eftir að við fengum fyrst að kynnt lögreglumönnum í Louisiana, kynnti sérfræðingahópur ríkisstjórnarinnar um afnám verðtryggingar af neytendalánunum tillögur sínar. Tillögurnar voru þá gagnrýndar fyrir að standa ekki við gefin fyrirheit um fullt afnám verðtryggingar.

Fortíðarþrá

Um miðjan febrúar, nokkrum dögum áður en Sigmundur og Gísli Marteinn Baldursson rifust um stöðu seðlabankastjóra, innflutning á ostum og hvor þeirra stjórnaði þættinum Sunnudagsmorgni, gagnrýndi ráðherra Seðlabanka Íslands í erindi á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands. Bankinn hafði að hans mati haldið „óumbeðinn“ í vinnu við greiningu á skuldalækkunarformum ríkisstjórnarinnar á meðan stjórnin biði eftir greiningu á greiðsluþjöfnuði Íslands sem óskað hafði verið eftir nokkru áður. Níu dögum síðar tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytið að lögum um Seðlabankann yrði breytt og staða bankastjóra auglýst. Már Guðmundsson þarf því að sækja um starfið á nýjan leik og bankastjórnarnir gætu á endanum orðið þrjú, alveg eins og í gamla daga þegar allt var gott og ungt fólk sá áburðarverksmiðjur í hillingum.

Nóg er búið að fjalla um þingsályktunartillöguna sem lögð var fram nokkrum dögum síðar um að draga aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka og áður gefin loforð margra stjórnarliða í þeim efnunum. Umsóknin skal dregin til baka enda á gjaldmiðillinn að heita króna en ekki evra og fullveldið á að vernda en ekki kasta á glæ. Þetta stóð allt svart á hvítu á blaðsíðu 152 í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og því engin ástæða fyrir ráðherra fjármála- og efnahagsmála að standa við áður gefin loforð um þjóðaratkvæðagreiðslu á fyrri hluta kjörtímabilsins.

Háspenna lífshætta

Bjarni ítrekaði afstöðu sína til aðildarviðræðnanna í ræðu í Valhöll í síðustu viku. Þar sagði hann einnig að áætlun um afnám gjaldeyrishaftanna hafi verið virkjuð í haust. Niðurstöður þeirrar vinnu eiga vonandi eftir að hleypa smá lífi í stjórnámalin og í ofanálag ættu einungis að vera um þrjú mánuðir þangað til skuldaleiðréttingin hefst.

Það verður því spennandi að fylgjast með því hvernig mál þróast og ljóst er að ekki eru öll kurl komin til grafar. Besta sjónvarpsfni ársins kveður á mánudaginn þegar Cohle og Hart klára vonandi sín mál en þá taka Sigmundur og Bjarni við, einir í sviðsljósinu, með um þrjú ár eftir af kjörtímabilinu.

VÍB og Fótolti.net héldu fræðslufund saman í Hörpu:

Fjármál í fótbolta

Stefán Pálsson sagnfræðingur og Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri hjá VÍB, voru framsögumenn á fundi um fjármál í fótbolta í Norðurljóssasal Hörpu í gær. Stefán ræddi um eignarhald knattspyrnuheimum og spillingu í knattspyrnuheiminum en Björn ræddi um tekjustjórningu helstu liða í Evrópu, þóknarnir umboðsmanna, launagreiðslur, skattamál og fleira sem hefur æ meiri áhrif á knattspyrnuheiminn. Fram kom meðal annars að hagnaður FIFA, alþjóða knatt-



BJÖRN BERG GUNNARSSON, deildarstjóri hjá VÍB, var annar framsögumanna á fundi um fjármál í fótbolta í gær. FRETATABLADIÐ/STEFÁN

spyrnusambandsins, af síðasta heimsmeistaramóti nam 266 milljarðum króna. Fyrir það hefði mátt staðgreiða tvo þriðju af íslenska hlutabréfamarkaðnum.

Árangur peningastefnunnar undanfarin fimm ár

SKOÐUN

Pórarinn G. Pétursson
aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands og meðlimur í peningastefnufnd bankans.



Grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á ramma og framkvæmd peningastefnunnar ...

Nú í febrúar eru liðin fimm ár frá því að núverandi skipan peningamála var komið á þar sem sérstakri fjölskipaðri peningastefnufnd er falið að móta peningastefnuna og ákvarða beitingu stjórnþækja Seðlabankans til að ná því markmiði sem stjórnvöld hafa sett bankanum, þ.e. að halda árlegri verðbólgu að jafnaði í námunda við 2,5%.

Sambærilegt fyrirkomulag með peningastefnufnd þekkist á meðal flestra seðlabanka í heiminum. Í nokkrum þeirra eru utanaðkomandi sérfræðingar einnig í nefndinni eins og hér á landi.


Með tilkomu nefndarinnar voru einnig gerðar ýmsar endurbætur á ákvörðunartöku í peningamálum. Haldnir eru ítarlegir 1-2 daga fundir með fastmótaðri dagskrá fyrir hverja vaxtaákvörðun þar sem fjöldi sérfræðinga innan bankans kynnrir efni sem getur hjálpað nefndinni að komast að niðurstöðu. Einnig þekkist að leitað sé til sérfræðinga utan bankans um ákveðin viðfangsefni. Með þessu er leitast við að ákvarðanir séu byggðar á sem traustustum grunni og að öll sjónarmið komist að. Til að auka gagnsæi stefnunnar sem mest er jafnframt birt ítarleg fundargerð af fundum nefndarinnar og henni gert að greina Alþingi frá störfum sínum með reglubundnum hætti í ræðu og riti. Þá eru veittar upplýsingar um atkvæðagreiðslu nefndarinnar í ársskýrslu bankans. Umbætur hafa einnig verið gerðar á framkvæmd peningastefnunnar sem felast í því að nú er horft til fleiri tækja en vaxtatekisins við mótnun stefnunnar. Er það í takt við þá lærdóma sem dregnir hafa verið af reynslu fyrri ára og ítarlega hefur verið fjallað um í ritum Seðlabankans.

... sem hafa skilað töluverðum árangri


Á þeim fimm árum sem hafa liðið frá því að ný peningastefnufnd tók við stjórn peningamála hefur verulegur árangur náðst í efnahagsmálum (sjá meðfylgjandi myndir). Þegar nefndin hóf störf fyrir fimm árum var verðbólga 17,6% en nú mælist hún 2,1%. Nefndin hafði reyndar náð verðbólgu í markmiði í lok árs 2010 og fram á vormánuði 2011 en í kjölfar riflegra launahækkana í kjarasamningum voru 2011 jókst verðbólga á ný og náði hámarki í 6,5% snemma árs 2012. Nefndin brást við þessum aðstæðum með því að herða taumhald peningastefnunnar sem stuðlaði að hjöðnun verðbólgu í markmiði á ný.

Þéttara taumhald peningastefnunnar hefur ekki sett efnahagsbatann sem hófst snemma árs 2010 í uppnám, eins og sumir óttuðust. Þannig hefur skráð atvinnuleysi minnkað úr 8,2% þegar nefndin tók til starfa í 4,5% nú í janúar og mælist nú með því minnsta á meðal þróaðra ríkja. Að sama skapi eru horfur á að hagvöxtur í fyrra hafi a.m.k. verið 3% og að Ísland verði eina landið í hópi þróuðustu ríkja heims þar sem hagvöxtur nær 3% eða meira.

VERÐBÓLGA OG VERÐBÓLGUVÆNTINGAR



HAGVÖXTUR OG ATVINNULEYSI



Það sem gerir þennan árangur enn markverðari er að hann hefur náðst þrátt fyrir mjög erfið skilyrði. Hann kemur í kjölfar alvarlegrar banka- og gjaldeyriskreppu, en slíkar kreppur eru jafnan mun dýpri og vara lengur en hefðbundnar fjármálakreppur. Samdráttur hefur einnig verið undanfarin tvö ár á evrusvæðinu sem er okkar helsta viðskiptasvæði, framlag hins opinbera til hagvaxtar var lengi vel neikvætt vegna nauðsynlegra aðhaldsaðgerða í opinberum fjármálum og viðskiptakjör þjóðarbúsins eru í um hálfir aldar lægð. Þessu til viðbótar hefur töluverður kraftur innlendra aðila farið í að greiða niður skuldir sem dregið hefur þrótt úr efnahagsbatanum.

Ólokið verk peningastefnunnar

„Björk kemur alltaf ódrúvísi fram. Hún mun koma með eitthvað nýtt, ekki endilega ný lög en það kemur í ljós á tónleikunum. Hún kemur alltaf á óvart,“ segir tónleikahaldarinn Grímur Atlason. Hann er einn af þeim sem skipuleggja viðburðinn Stopp – Gætum garðsins! sem er liður í samvinnuverkefni leikstjórans Darrens Aronofsky, tónlistarkonunnar Björk Guðmundsdóttur, Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Herlegheitin byrja á frumsýningu kvikmyndar Darrens, Noah, í Sambíóunum í Egilshöll þriðjudaginn 18. mars en myndin var að hluta til tekin upp á Íslandi árið 2012. Að kvöldi sama dags verður blásið til tónleika í Eldborgarsal Hörpu þar sem tónlistarmennirnir Patti Smith, Björk, Lykke Li, Highlands, Of Monsters and Men, Samaris, Retro Stefson og Mammút koma fram. Grímur segir Patti og Lykke Li hafa

verið mjög spenntar fyrir því að taka þátt í viðburðinum.

„Við Björk fengum þessa hugmynd í sameiningu og það voru mjög margir erlendir listamenn tilbúnir að taka þátt. Sumir gátu einfaldlega ekki komið fram á þessum degi,“ segir Grímur. Spurður hvaða erlendu tónlistarmenn það voru vill hann ekki gefa það upp.

„Nei, ég vil ekki spæla neinn.“ Allir listamenn sem koma fram á tónleikunum gefa vinnu sína. Miðasala hófst í gær og fór vel af stað en takmarkað magn miða er í boði bæði á tónleikana og kvikmyndasýninguna.

Sérstakur söfnunarreikningur hefur verið opnaður í tengslum við viðburðinn og renna öll framlög beint til Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Kennitala er 640971-0459 og bankanúmer 0301-26-302792.

liljakatrin@frettabladid.is

→ Mikill Íslandsvinur

Patti Smith er oftast kölluð guðmóðir pönksins en hún var mjög mikill áhrifavaldur í pönkhreyfingunni í New York eftir að hún gaf út sína fyrstu plötu, Horses, árið 1975.

Þekktasta lag Patti er Because the Night sem hún samdi með rokkaranum Bruce Springsteen. Lagið náði þrettánda sæti á Billboard Hot 100-listanum árið 1978.

Patti hlaut Polar Music-verðlaunin árið 2011, alþjóðleg sænsk verðlaun sem veitt eru árlega til eins nútímalistamanns og eins klassísks listamanns.

Tónlistarkonan er mikill Íslandsvinur og hefur heimsótt landið margoft, fyrst árið 1969 í bakpokiferðalagi með vinkonu sinni. Árið 2012 kom hún öllum að óvörum þegar hún tróð upp með Russell Crowe á Menningarnæturtonleikum X-977 og tók lagið Because the Night við mikinn fögnuð viðstaddra.

→ Virtur leikstjóri

Fyrsta kvikmynd leikstjórans **Darrens Aronofsky** í fullri lengd var Pi sem var tekin upp í nóvember árið 1997. Fyrir hana hlaut Darren leikstjóraverðlaun á Sundance-kvikmyndahátíðinni og Independent Spirit-verðlaunin fyrir bestu frumraun í handritaskrifum.

Næst tók hann að sér að leikstýra Jared Leto og Ellen Burstyn í Requiem for a Dream árið 2000 en Ellen hlaut tilnefningu til Óskarsverðlaunanna fyrir frammistöðu sína. Í kjölfarið leikstýrði hann The Fountain sem er orðin eins konar költmynd.

Fjórða myndin hans, The Wrestler með Mickey Rourke og Marisu Tomei í aðalhlutverkum, hlaut góða dóma og hlutu báðir leikararnir tilnefningu til Óskarsverðlauna.

Árið 2010 var kvikmyndin Black Swan frumsýnd og hún fór sigurför um heiminn. Kvikmyndin hlaut fimm tilnefningar til Óskarsverðlauna og var Darren meðal annars tilnefndur fyrir leikstjórn.

→ Plata væntanleg á þessu ári

Sænska söngkonan **Lykke Li** gaf út fyrstu plötu sína, Youth Novels, árið 2008. Lagið Little Bit af plötunni naut mikillar velgengni og flutti Lykke það

til dæmis í breska þættinum Later ... with Jools Holland í maí þá á.

Hún vakti strax athygli heimsins fyrir einstaka frammistöðu á tónleikum og hefur spilað á tónlistarhátíðum á borð við Glastonbury, Coachella og Lollapalooza. Þá hefur hún líka komið fram í þættinum Late Night with Conan O'Brien.

Árið 2009 átti hún lagið Possibility í kvikmyndinni The Twilight Saga: New Moon en Lykke var treg til að semja lagið fyrir myndina fyrr en hún fékk að sjá hana.

Lag hennar Get Some var notað í einum þætti í fyrstu seríu af Hawaii Five-O sem og í fjölskyldudramanu Pretty Little Liars og vampirþáttunum Vampire Diaries. Lagið Unrequited Love heyrðist síðan í fjórðu seríu af bandaríska þættinum The Good Wife.

Lykke gaf út sína aðra plötu, Wounded Rhymes, árið 2011 en þekktasta lagið af þeirri plötu er án efa I Follow Rivers sem heyrðist í sjónvarpsþættinum Glee.

Þriðja plata hennar, I Never Learn, kemur út á þessu ári á plötumerkinu LL Recordings.

TILBOÐ Í ÖSKUDAGSBIÓ KL. 15.30

FORSYNING Á ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS OG SÉRMANNS

SMÁRA BÍÓ

FRUMSÝND 7. MARS

Miðasala hafin **eMiði**

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

3 BEST PICTURE

JOEL & ETHAN COEN

THE CONGRESS

INSIDE LLEWYN DAVIS

HROSS Í OSS

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

DUO BUCKET

TVÖFALDAÐU ÁNÆGJUNA!



2.190
kr.



**MIKIÐ FYRIR
PENINGINN**

2 kjúklingabitar, 2 Zinger strips,
4 Hot Wings, 2 skammtar af frönskum,
2 heitar sósur, 4 Hot sósur og BBQ dip sósa

PIPAR/ÞBWA • SÍA • 140460

SVOOOGOTT™

FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS



ÞJÁLFAFINN Eyjólfur Sveinsson stýrir U21 árs liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Mikilvægur leikur hjá U21

FÓTBOLTI Íslenska U21 árs landsliðið í knattspyrnu mætir Kasakstan ytra í dag í mikilvægum leik í undankeppni EM 2015 en leikurinn fer fram í Astana og hefst klukkan 13.00 að íslenskum tíma.

Íslend er í 2. sæti síns riðils með tólf stig eftir fimm leiki en það vann þá fjóra fyrstu áður en kom að tapi gegn toppliði Frakklands síðastliðið haust.

Frakkar eru með 15 stig á toppi riðilsins. Kasakar eru með sex stig og hafa leikið einum leik meira en Ísland og Frakkland.

Sigurvegarnir ríðlanna tíu ásamt þeim fjórum liðum sem ná bestum árangri í öðru sæti fara í umspil um sjö laus sæti á EM 2015 en áttunda þjóðin verður gestgjafi Tékkna.

Sigur í dag er því gríðarlega mikilvægur fyrir strákana. Annað sætið virðist raunhæfari möguleiki á eftir ógnarsterku og taplausu liði Frakklands og verður Ísland líklega að vera á meðal þeirra fjögurra þjóða sem ná bestum árangri í öðru sæti.

Þegar Ísland og Kasakstan mættust á Kópavogsvelli í skelfilegu veðri í september á síðasta ári höfðu okkar strákar sigur, 2-0. Keflvíkingurinn Arnór Ingvi Traustason og KR-ingurinn Emil Atlason skorðu mörkin en Emil hefur verið sjóðheitur í undankeppninni og skorað sjö mörk í fimm leikjum.

Verðum að hægja á Bale

Fyrsti landsleikur íslenska landsliðsins eftir leikinn eftirminnilega í Króatíu fer fram í Wales í kvöld. Þar bíða Gareth Bale og félagar á heimavelli Cardiff City. Landsliðsfyrirliðinn okkar, Aron Einar Gunnarsson, á líka þann heimavöll og hann bíður spennur eftir því að leiða íslenska landsliðið út á sinn heimavöll.

FÓTBOLTI „Það er orðið svolítið síðan ég spilaði þarna á vellinum. Það verður mjög gaman að fá að leiða liðið út á völlum og vera í útiklefanum og svona,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson en Ísland mætir Wales í vináttulandsleik í Cardiff í kvöld.

Aron Einar er í raun á heimavelli þar sem hann leikur með Cardiff. Hann hefur aftur á móti lítið fengið að spila upp á síðkastið. Hann ætlar þó að sýna stjórnara Cardiff, Ole Gunnar Solskjær, í leiknum að hann hafi ýmislegt fram að færa.

„Vonandi fáum við einhvern stuðning út á mig. Það veltur svolítið á því hversu margir stuðningsmenn Swansea mæta á völlum. Það er fínt að fá leik núna og sýna sig aðeins. Það er ekkert sjálfgefið að menn séu í liðinu hjá félagi í ensku úrvalsdeildinni. Ég er að vinna að því að komast aftur inn. Ég er á þeim tímamarki á ferlinum að ég þarf að spila. Þetta kemur allt með kalda vatninu.“

Ísland er í 48. sæti á FIFA-listanum en Wales í 51. sæti. Samkvæmt listanum eru liðin því áþekkt að getu.

„Það eru allir klárir í þetta verkefni. Kjörlið tækifæri til þess að sýna og sig og sanna eftir Króatíuleikina. Menn vilja komast á rétta braut aftur og fara að vinna leiki. Við vitum líka að Wales er með hörkulið og þetta verður erfiður leikur.“

Strákarnir héldu langan fund í gær. Þar var farið yfir síðustu tvö ár hjá liðinu og byrjað að horfa til framtíðar. Næsta haust hefst undankeppni EM og verða ekki margir æfingaleikir áður en alvaran byrjar.

„Þjálfararnir vilja sjá meiri stöðugleika hjá liðinu og að það sé þétt. Walesverjarnir eru líkamlega sterkir og flottir leikmenn inn á milli. Engu að síður leggjum við þennan leik upp með því að vinna hann. Menn ætla að standa sig vel í þessum leik og nýta hann vel í undirbúninginn fyrir EM. Svo verðum við að hafa gaman af þessu, það skiptir miklu máli. Sigur er alltaf ljúfur samt og það skiptir máli að vinna leiki þó að leikurinn gefi engin stig.“

Wales teflir fram alvöru stjórnun í kvöld, sjálfum Gareth Bale, leikmanni Real Madrid. Þennan dýrasta leikmann heims þarf að passa sérstaklega vel í leiknum.

„Við verðum einhvern veginn að hægja á honum. Hann hefur verið á blússandi siglingu með Real Madrid upp á síðkastið. Hann er mikilvægur fyrir Wales. Það verður erfitt að stöðva hann en við verðum að leysa það,“ segir Aron en hann bendir á að Wales eigi líka fleiri öflugra stráka sem spili í efstu tveim deildunum á Englandi.

„Þetta verður alltaf mikill baráttuleikur. Bretarnir gefa sjaldan eftir þar. Það verður alltaf eitthvað um tæklingar, það er alveg klárt. Við ætlum ekki að gefa neitt eftir þar.“

henry@frettabladid.is

1981

Ásgeir Sigurvínsson skoraði bæði mörk Íslands í eina jafntefli landsliðsins á Bretlandi.



SÝNA SIG OG SANNA Aron Einar Gunnarsson (til vinstri) hefur ekki fengið að spila mikið með Cardiff á heimavelli upp á síðkastið en getur sannað sig þar með landsliðinu í kvöld. Þar glímur hann við Gareth Bale (til hægri). FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ísland hefur aldrei unnið í vögg boltans

Leikir Íslenska karlandsliðsins í knattspyrnu á Bretlandi:

16. september 1961 - High Wycombe, London	0-1 tap fyrir Englandi
14. september 1963 - Plough Lane, London	0-4 tap fyrir Bretlandi
2. febrúar 1970 - Slough Town	0-1 tap fyrir Englandi
14. október 1981 - Vetch Field, Swansea	2-2 jafntefli við Wales
17. október 1984 - Hampden Park, Glasgow	0-3 tap fyrir Skotlandi
11. nóvember 1984 - Ninian Park, Cardiff	1-2 tap fyrir Wales
27. apríl 1991 - Vicarage Road Stadium, Watford	0-1 tap fyrir Englandi (b)
1. maí 1991 - Ninian Park, Cardiff	0-1 tap fyrir Wales
29. mars 1993 - Hampden Park, Glasgow	1-2 tap fyrir Skotlandi
30. maí 2004 - City of Manchester Stadium, Manchester	2-3 tap fyrir Japan
5. júní 2004 - City of Manchester Stadium, Manchester	1-6 tap fyrir Englandi
28. febrúar 2006 - Loftus Road, London	0-2 tap fyrir Trínídad og Tóbago
1. september 2009 - Hampden Park, Glasgow	1-2 tap fyrir Skotlandi
Samantekt:	13 leikir - 0 sigrar - 1 jafntefli - 12 töp

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir rannsóknarstyrki 2014

Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:

- að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda
- að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi
- að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni

Við úthlutun styrkja 2014 verður sérstök áhersla lögð á:

- hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað
- innlenda orkugjafa
- vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis
- öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar
- rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar
- atvinnusköpun

Umsóknarfrestur er til 20. mars 2014

Orkustofnun fylgir stefnu stjórnvalda um rafræna stjórnslu og skal senda rafrænar umsóknir af vef Orkustofnunar www.os.is

Nánari upplýsingar á www.os.is, og hjá Orkusjóði, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri í sínum 569 6083 - 894 4280 - Netfang Orkusjóðs er bjbj@os.is



ORKUSTOFNUN

ORKUSJÓÐUR



NÝLIÐI Freyr Alexandersson er á sínu fyrsta Algarve-móti sem þjálfari. MYND/ISI

Horfum ekki í úrslitin

Íslandi mætir Þjóðverjum á Algarve-mótinu í dag.

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu hefur leik á Algarve-mótinu í dag þegar liðið mætir áttföldum Evrópumeisturum Þýskalands klukkan 15.00 að íslenskum tíma. Það er skammt stórra högga á milli á Algarve-mótinu því Ísland mætir Noregi, silfurliði síðasta Evrópumóts, á föstudaginn og sterku liði Kína á mánudaginn.

„Við komum hingað, þjálfarar og leikmenn frá Íslandi, klukkan níu í gærkvöldi [mánudag]. Síðustu leikmennirnir voru að koma upp úr miðnætti en nokkrir leikmenn voru komnir fyrir um daginn. Ferðalagið gekk annars vel og fór allt eins og upp var lagt,“ sagði Freyr við Fréttablaðið í gærkvöldi en eðlilega var nokkur þreyta í stelpunum á æfingu í gær.

„Ég fann meira fyrir því á seinni æfingunni. Það var fín æfing um morguninn en svo liður á daginn og þreytan fer að segja til sín. Fyrri æfingin var líka þyngri. Á þeirri síðari fórum við meira yfir föst leikatriði og svona,“ sagði Freyr.

Hann setur mótið upp eins og fjögur verkefni þar sem ýmsar útfærslur af því sem liðið hefur æft saman og í sitthvoru lagi verða próf-

aðar. Í dag verður byrjað á varnarleiknum.

„Hver leikur hefur sitt líf enda andstæðingarnir mismunandi. Við leggjum upp með varnarleik gegn Þýskalandi og prófum þar útfærslu á lággressu sem við munum reyna að koma til skila. Eftir það er einn hvíldardagur og svo leikur gegn Noregi. Við þurfum því að rúlla á liðinu enda er ekkert eðlilegt að spila tvo leiki á þremur dögum.“

Nýi landsliðsþjálfarinn ætlar að nota mótið til að stilla saman strengi hjá landsliðinu enda kynslóðaskipti í gangi og margir óreyndir leikmenn í hópnum. Þar vantar marga máttarstólpa sem eru annaðhvort hættir eða frá vegna meiðsla.

„Ég tilkynnti leikmönnum það að við munum rúlla á hópnum og leikmenn sem eru vanir að fá marga leiki á þessu móti fá færri leiki en áður. Ungir leikmenn sem eru með minni reynslu fá stór hlutverk á mótinu og vonandi sjáum við þá vaxa í hlutverkunum. Þetta er eitthvað sem við munum taka alvarlega,“ sagði Freyr.

Ítarlegra viðtal við landsliðsþjálfarann Frey Alexandersson má lesa á Vísi.

- tom

565 6000 / somi.is

**SKELLTU ÞÉR
ÚT AÐ BORÐA.**

Heilsubiti

Vegetískur & Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

100% Veggið og Húsi

Við bjóðum spennandi matseðil
Íslendingar hafa fjölbreyttan smekk sem við gerum okkar
allra besta á hverjum degi að sinna. Þitt er valið!



Ferskt á hverjum degi

Stöð 2 kl. 20.25

Léttir sprettir

Fríðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almenningsíþróttir svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólríðar, fallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna. Farið verður yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina, hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsli.



Í KVÖLD



Game of Thrones

STÖÐ 2 GULL KL. 21.00 Magnaðir þættir sem gerast á miðöldum í ævintýraheimi sem kallast Sjö konungsríki Westeros þar sem sumrin geta varað í áratugi og veturnir alla ævi.



Norður-Kórea

SJÓNVARPIÐ KL. 22.20 Heimildarmynd frá 2013 þar sem faldar myndavélar fylgja yngsta einræðisherra veraldar eftir. Fylgst er með ferðum leiðtoga Norður-Kóreu, Kims Jong Un, og reynt að varpa ljósi á ástandið í landinu, spillingu og eynd.



England - Danmörk

STÖÐ 2 SPORT KL. 19.50 Bein útsending frá vináttulandsleik Englands og Danmerkur.

X-ið 977 kl. 08.00

Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.



HAGKAUP

MIÐVIKUDAG

20:50

GREY'S ANATOMY

Í KVÖLD

MIÐVIKUDAGA 20:50

Ein vinsælasta þáttaröð síðari tíma snýr aftur!

Aðdáendur Grey's Anatomy geta andað léttar því í kvöld hefst seinni hluti tíundu þáttaraðarinnar. Eftirvæntingin hefur verið mikil, enda mikið um að vera. Hvað gerir April á því örlagaríka augnabliki sem bíður hennar? Ekki missa af Grey's Anatomy sem eru sýndir strax í kjölfar frumsýningar í Bandaríkjunum.

365.IS

Fáðu þér áskrift!

- ### STÖÐ 2
- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
 - 07.40 Kalli kanína og félagar
 - 08.05 Malcolm in the Middle
 - 08.30 Ellen
 - 09.10 Bold and the Beautiful
 - 09.30 Doctors
 - 10.15 Masterchef USA
 - 11.05 Spurningabomban
 - 11.50 Grey's Anatomy
 - 12.35 Nágrannar
 - 13.00 Chuck
 - 13.45 Up All Night
 - 14.10 Suburgatory
 - 14.35 2 Broke Girls
 - 15.05 Sorry I've Got No Head
 - 15.35 Fjörugi teiknimyndatímminn
 - 16.00 Kalli kanína og félagar
 - 16.25 UKI
 - 16.30 Ellen
 - 17.10 Bold and the Beautiful
 - 17.32 Nágrannar
 - 17.57 Simpson-fjölskyldan
 - 18.23 Veður
 - 18.30 Fréttir
 - 18.47 Íþróttir
 - 18.54 Ísland í dag
 - 19.11 Veður
 - 19.20 Svínasúpan
 - 19.45 The Middle (15:24) Þriðja þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins.
 - 20.05 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.
 - 20.25 Léttir sprettir
 - 20.50 Grey's Anatomy (13:24)
 - 21.35 Lærkevej (12:12)
 - 22.20 Touch (14:14)
 - 23.05 My Piece of the Pie
 - 00.55 The Blacklist
 - 01.45 NCIS
 - 02.30 Person of Interest
 - 03.15 The Keeper
 - 04.50 Crusoe

- ### SPORT
- besta sætið
- 14.10 Haukar Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
 - 14.40 Þýsku mörkin
 - 15.10 Napoli - Swansea
 - 16.50 Suður Afríka - Brasilía Bein útsending
 - 19.00 Golfing World 2014
 - 19.50 England - Danmörk Bein útsending
 - 22.00 Suður Afríka - Brasilía
 - 23.40 England - Danmörk

- ### SPORT 2
- enski boltinn
- 12.00 Hull - Newcastle
 - 13.40 QPR - Leeds
 - 15.20 Football League Show 2013/14
 - 15.50 Stoke - Arsenal
 - 17.30 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
 - 18.25 Tottenham - Cardiff
 - 20.05 Messan
 - 21.25 Swansea - Crystal Palace
 - 23.05 Aston Villa - Norwich

- ### INN
- 20.00 Árni Páll
 - 20.30 Tölvur, tækni og kennsla.
 - 21.00 Fasteignaflofan
 - 21.30 Á ferð og flugi

- ### STÖÐ 3
- 06.35 Tónlistarmyndbönd
 - 16.30 American Idol
 - 18.35 Bob's Burgers
 - 19.00 Junior Masterchef Australia
 - 19.45 Baby Daddy (9:10)
 - 20.10 Revolution (2:22)
 - 20.55 Arrow (14:24)
 - 21.40 Tomorrow People (3:22)
 - 22.25 Shameless (5:12) Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólísti, mamman er löngu flúin að heiman og uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.
 - 23.10 Shameless (6:12)
 - 00.00 The Unit
 - 00.45 Hawthorne
 - 01.25 Supernatural
 - 02.05 Junior Masterchef Australia
 - 02.50 Baby Daddy
 - 03.15 Revolution
 - 04.00 Arrow
 - 04.45 Tomorrow People
 - 05.30 The Unit

- ### Krakkastöðin
- 07.00 Áfram Diego, áfram!
 - 07.24 Svampur Sveins
 - 07.50 Gulla og grænjaxlarnir
 - 08.00 Ofurhundurinn Krypto
 - 08.25 Brunabílarnir
 - 08.47 Ávaxtakarfan
 - 09.00 Skógardýrið Húgó
 - 09.23 Latibær
 - 09.34 Ævintýraferðin
 - 09.47 UKI
 - 09.52 Tom and Jerry
 - 10.00 Dóra könnuður
 - 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 - 10.46 Doddi litli og Eyrnastór
 - 11.00 Áfram Diego, áfram!
 - 11.24 Svampur Sveins
 - 11.50 Gulla og grænjaxlarnir
 - 12.00 Ofurhundurinn Krypto
 - 12.25 Brunabílarnir
 - 12.47 Ávaxtakarfan
 - 13.00 Skógardýrið Húgó
 - 13.23 Latibær
 - 13.35 Ævintýraferðin
 - 13.48 UKI
 - 13.53 Tom and Jerry
 - 14.00 Dóra könnuður
 - 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 - 14.46 Doddi litli og Eyrnastór
 - 15.00 Áfram Diego, áfram!
 - 15.24 Svampur Sveins
 - 15.50 Gulla og grænjaxlarnir
 - 16.00 Ofurhundurinn Krypto
 - 16.25 Brunabílarnir
 - 16.47 Ávaxtakarfan
 - 17.00 Skógardýrið Húgó
 - 17.23 Latibær
 - 17.35 Ævintýraferðin
 - 17.48 UKI
 - 17.53 Tom and Jerry
 - 18.00 Dóra könnuður
 - 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
 - 18.46 Doddi litli og Eyrnastór
 - 19.00 Alvin og íkornarnir 3
 - 20.25 Sögur fyrir svefninn

- ### GULL
- 17.55 Strákarnir
 - 18.20 Friends
 - 18.45 Seinfeld
 - 19.10 Modern Family
 - 19.35 Two and a Half Men
 - 20.00 Matur og lífsstíll
 - 20.30 Örlagadagurinn (5:14)
 - 21.00 Game of Thrones (3:10)
 - 22.00 Hustle (3:6)
 - 22.55 The Fixer
 - 23.45 Curb Your Enthusiasm
 - 00.15 Matur og lífsstíll
 - 00.45 Örlagadagurinn
 - 01.12 Game of Thrones
 - 02.12 Hustle
 - 03.02 The Fixer
 - 03.52 Tónlistarmyndbönd

- ### BÍÓ
- 11.20 Taken From Me. The Tiffany Rubin Story
 - 12.50 THE REMAINS OF THE DAY
 - 15.05 Spy Next Door
 - 16.40 Taken From Me. The Tiffany Rubin Story
 - 18.10 THE REMAINS OF THE DAY
 - 20.25 Spy Next Door
 - 22.00 Harry Brown
 - 23.45 One For the Money
 - 01.15 Prometheus
 - 03.20 Harry Brown

- ### RÚV
- 16.25 Ljósmyndirin
 - 17.20 Disneystundin
 - 18.10 Tákn málsfréttir
 - 18.20 Djöflaeyjan
 - 18.54 Víkingalottó
 - 19.00 Fréttir
 - 19.25 Veðurfréttir
 - 19.30 Íþróttir
 - 19.40 Kastljós
 - 20.00 Neyðarvaktin (14:22) (Chicago Fire II) Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago, en hetjurnar á slökkvistöð 51 víla ekki fyrir sér að vaða inn í brennandi húsi og láta til sín taka við hættulegar aðstæður.
 - 20.45 Fjölbaut (6:6) (Big School) Bresk gamanþáttaröð með David Walliams og Catherine Tate í aðalhlutverkum. Seinheppinn efnafræðikennari verður ástfanginn af samkennara sínum.
 - 21.15 Kiljan
 - 22.00 Tíufréttir
 - 22.15 Veðurfréttir
 - 22.20 Norður Kórea (North Korea) Heimildamynd frá 2013 þar sem faldar myndavélar fylgja yngsta einræðisherra veraldar eftir. Fylgst er með ferðum leiðtoga Norður Kóreu, Kim Jong Un og reynt að varpa ljósi á ástandið í landinu, spillingu og eynd.
 - 23.10 Draumalíf rotta (La vie rêvée des rats)
 - 00.05 Kastljós
 - 00.25 Fréttir
 - 00.35 Dagskrárlök

- ### SKJÁREINN
- 06.00 Pepsi MAX tónlist
 - 08.00 Cheers
 - 08.25 Dr. Phil
 - 09.05 Pepsi MAX tónlist
 - 16.55 Once Upon a Time
 - 17.40 Dr. Phil
 - 18.20 The Good Wife
 - 19.10 Cheers
 - 19.35 America's Funniest Home Videos (33:48)
 - 20.00 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking (8:20) Meistarakokkurinn tekur þig í kennslustund og hjálpar þér að öðlast raunverulegt sjálfstraust í eldhúsinu.
 - 20.25 Sean Saves the World (9:18)
 - 20.50 The Millers (9:22) Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar óhamingju.
 - 21.15 Franklin & Bash (8:10)
 - 22.00 Blue Bloods (9:22)
 - 22.45 The Tonight Show Spjallþáttasníllingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight show sem áhorfendur Skjás eins þekkja frá fyrri tíð.
 - 23.30 CSI: Miami
 - 00.10 The Walking Dead
 - 00.55 Made in Jersey
 - 01.35 In Plain Sight
 - 02.20 The Tonight Show
 - 03.05 Pepsi MAX tónlist

- ### Golfstöðin
- 08.00 PGA Tour 2014
 - 13.00 PGA Tour 2014 - Highlights
 - 13.55 Golfing World 2014
 - 14.50 Íslandsmótið í höggleik
 - 18.00 Golfing World 2014
 - 18.50 PGA Tour 2014 - Highlights
 - 19.45 Golfing World 2014
 - 20.35 Íslandsmótið í höggleik



2490.-



990.-



1990.-


BÓKA
MARKAÐURIN
Laugardalsvelli

ÓTRÚLEGT ÚRVAL ÞÚSUNDIR TITLA EKKI MISSA AF DESSU


ÓPIÐ FRÁ KL. 10-18 ALLA DAGA




990.-




2490.-




999.-



990.-




690.-



990.-



1499.-



990.-

BESTI BITINN



„Súrdeigs-margarítan á Coocoo's Nest og allar pitsur á matseðli Eldofnsins í Grímsbæ. Pítsa er eini maturinn sem ég borða, fyrir utan samloku.“

Berglind Pétursdóttir GIF-drottning

Nágrannaafsláttur á Justin

Íbúar í grennd við Kórinn, þar sem tónleikar Justins Timberlake fara fram í sumar, eru þeir einu í heiminum sem fá afslátt á tónleikana.

„Þetta er eina fólkið í heiminum sem fær afslátt á tónleikana,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson, tónleikahaldari Senu. Íbúum í grennd við Kórinn þar sem tónleikar Justins Timberlake fara fram þann 24. ágúst næstkomandi hefur borist bréf sem í segir að þeir fái 20 prósentu afslátt af miðum á tónleika Justins. „Afslátturinn er fyrir þá sem búa næst Kórnum og verða óhjákvæmilega fyrir

truflun á tónleikadag,“ bætir Ísleifur við.

Þeir sem fá afsláttinn geta notað hann í dag frá klukkan 10.00 til 17.00 og er hann fyrir allt að fjórum miðum í stæði, á hvert heimili.

Afslátturinn var samþykktur af fólki Justins. „Þetta er gert með samþykki erlendu aðilanna og þetta er eina fólkið sem fær afslátt. Það eru

engir boðsmíðar eða þess háttar í umferð.“

Það fólk sem sér um samgöngu- og umferðarmálin í tengslum við tónleikana fór yfir kort og reiknaði þar út hvaða íbúar verða fyrir óhjákvæmilegri truflun á tónleikadag.

Í gær seldust miðar í forsölu fyrir aðdáendaklúbb Justins upp á um tuttugu mínútum.

Allar upplýsingar um miðasölu á tónleikana má finna á vefsíðunni midi.is.



ÓHJÁKVÆMILEG TRUFLUN Ísleifur B. Þórhallsson, tónleikahaldari Senu, segir íbúana þá einu sem fá afslátt á tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Happdrætti Húsnæðisfélags S.E.M.



Aðalvinningur KIA Picanto LX 1,0 beinskiptur að verðmæti 1.990.777

10195

40 Ferðavinningar frá Heimsferðum að verðmæti 200.000

4250	18347	42018	61939	86905	99159	116975
9816	24825	43595	62078	95312	99229	117879
11186	26497	49560	65805	96228	99379	118591
11345	29891	49778	69098	96681	100978	119070
13027	38943	50996	70138	98040	106220	
14739	39260	54688	82497	98457	115730	

10 Fartölur frá Tölvulistanum að verðmæti 199.990

2121	16566	57580	96766	101636		
3187	27283	83876	97029	112614		

100 Ferðavinningar frá Heimsferðum að verðmæti 100.000

648	20616	42937	56183	77617	93669	110029
2526	20995	43645	61394	78010	93937	110817
8768	21108	46530	63689	78429	94271	111030
9542	22510	47253	65552	78586	94864	115085
10672	22628	48768	65652	78736	97508	117967
11368	23592	50851	67181	81074	98531	121241
11379	24490	51103	68959	82274	104463	121373
13320	24523	51418	69709	83769	105380	121944
14490	29311	51530	71134	83861	107053	122084
14719	30027	52230	71279	85978	107398	122103
15852	30731	52615	71922	86694	107972	
16723	31180	54148	73774	87642	108115	
17525	38314	55015	74765	88870	108359	
18785	39190	55793	75407	90133	108949	
19924	39476	56022	77556	92360	109847	

45 Spjaldtölur frá Tölvulistanum að verðmæti 89.990

4380	16639	45235	62416	72883	89352	121750
5854	20053	45864	62531	73034	91067	122398
6331	22901	46399	64612	76458	99927	122529
7011	29925	50713	65208	76649	103310	
9849	33514	50857	65336	78209	108282	
13414	39501	56337	68762	79366	112945	
16501	40663	58027	71556	80144	117557	

100 Gjafabréf frá Smáralind að verðmæti 50.000

2286	18639	38461	56045	80418	92240	104081
3586	18736	41530	57074	80756	92335	106244
3951	24952	42933	57485	81234	92921	106904
6632	25394	44775	59725	81788	94616	108144
7348	25706	49163	61656	83424	94701	116138
8755	25842	50108	63341	84378	94922	118142
8868	27861	50294	65013	84571	95570	119441
10452	28527	50628	65288	84690	95620	121471
11597	29298	51070	69421	85353	96140	122333
12113	31178	52386	69689	86500	96826	122775
13791	31471	52720	71132	86976	97646	
15283	32142	53798	73844	87402	99908	
17327	36461	54114	74420	89553	100240	
17432	38124	55402	79641	91357	100712	
17778	38394	55828	79649	91410	104041	

Dregið var 24. febrúar 2014. Vinninga ber að vitja til SEM innan árs. Upplýsingasími 588-7470 og á heimasíðu SEM.is

SEM samtökin þakka öllum þeim sem tóku þátt í happdrættinu innilega fyrir stuðninginn. Birt án ábyrgðar.

Hleypti lífi í Óskarsmyndina Gravity

Daði Einarsson átti stóran þátt í tæknivinnslu kvikmyndarinnar Gravity sem var sigurvegari Óskarsverðlaunanna í ár. Þá sér hann um brellurnar í myndinni Everest.

„Ég horfði á Óskarinn og ég verð að viðurkenna að ég átti frekar von á því að Gravity myndi vinna verðlaun fyrir tæknibrellur, leikstjórn og töku. Það getur auðvitað allt gerst og stundum eru óvænt úrslit en allur aðdragandi og allt tal í kring um myndina benti til þess að þetta færi svona. Ofboðslega gaman að sú varð raunin,“ segir Daði Einarsson, listrænn stjórnandi hjá Reykjavík Visual Effects eða RVX.

Hann stýrði hópi sem animeraði, eða kvikaði, myndina Gravity frá upphafi til enda. Myndin var sigursæl á nýafstaðinni Óskarsverðlaunahátíð og hlaut alls sjö verðlaun, þar á meðal fyrir bestu leikstjórn, kvikmyndatöku, tæknibrellur og tónlist.

„Það var haft samband við mig að utan og ég beðinn um að stýra fyrsta hluta vinnslunnar. Ég vann þá náið með leikstjóra myndarinnar, Alfonso Cuarón, við að vinna úr handritinu og stýrði hópi sem animeraði myndina frá upphafi til enda,“ útskýrir Daði.

Gravity var nánast öll gerð í tölvugrafík til þess að ná þyngdarleysinu í myndinni og svo voru andlit leikaranna skeytt inn í grafíkina.

„Það sem við animeruðum var notað til að stýra ljósum og tökuvélinni þegar leikararnir voru í tókum. Seinna meir komu fleiri Íslendingar að, bæði í London hjá Framstore og einnig hjá okkur á Framstore Reykjavík.“

Hefur þú ekki fengið talsverða athygli eftir sigurinn á Óskarsverðlauninum?

„Það hafa margir haft samband í dag og það er gaman að því.“ Hann segist einnig vera í góðu sambandi við Gravity-hópinn.

Daði og Baltasar Kormákur keyptu Framstore út árið 2012 og endurnefndu fyrirtækið RVX. Síðan þá hefur fyrirtækið séð um brellur í myndum á borð við 2 Guns, Málmhús og í ýmsum auglýsingum.

við erum í tókum á Everest um þessar mundir og munum sjá um brellurnar fyrir þá mynd en það verður ansi stórt verkefni.

Daði Einarsson



NÓG AÐ GERA Daða var sérstaklega þakkað á Óskarnum fyrir vinnu sína í kvikmyndinni Gravity. Hann horfði hins vegar á hátíðina veikur heima. MYND/EINKASAFN

→ Verkefni sem Daði hefur unnið að undanfarið ár

2014 Everest
2013 Málmhús
2013 Gravity
2013 2 Guns
2012 Boardwalk Empire
2012 - A Man, a Plan ...
2012 Djúpið
2012 Contraband
2011 Tinker Tailor Soldier Spy
2011 Harry Potter and the Deathly Hallows: Part 2
2011 Tyrannosaur

2010 Salt
2010 Clash of the Titans
2009 Sherlock Holmes
2009 Where the Wild Things Are
2009 The Good Heart
2009 Heartless
2008 Australia
2007 The Golden Compass
2002 Harry Potter and the Chamber of Secrets
2002 Dinotopia

„Við erum í tókum á Everest um þessar mundir og munum sjá um brellurnar fyrir þá mynd en það verður ansi stórt verkefni. Við erum búnir að vera í tókum í Nepal og á Ítalíu og færum okkur síðan á stóra sviðið í Pinewood í London um næstu helgi,“ segir Daði um verkefnið í dag.

Daði segir spennandi tíma framundan hjá fyrirtækinu. „Ástæða þess að ég ákvað að koma heim að utan var einmitt sú að byggja upp heimsklassaástöðu fyrir myndbrellur og sá fyrir mér það sem er að verða til núna.“

gunnarleo@frettabladid.is



SIGURVEGARAR Hér sjáum við samstarfsmenn Daða taka við Óskarsverðlaunum fyrir tæknibrellur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Póra and Hugrún, where are you?“

Kokkteilakokkurinn Geoffrey Canilao leitaði að gömlum íslenskum vinkonum með því að auglýsa eftir þeim í nafni kokkteils. Það bar góðan árangur.

Einn kokkteillinn á kokkteilalista Slippbarsins á Food and Fun um helgina bar heitið „Póra and Hugrún, where are you?“ Kokkurinn Geoffrey Canilao, sem er Bandaríkjamadur búsettur í Danmörku, notaði þessa aðferð til að hafa upp á íslenskum fornvinkonum sínum með góðum árangri. „Vinkonur mínar sáu kokkteilinn og sögðu þjóninum að þær þekktu vinkonur sem hétu þetta. Þær fengu nafnið hjá kokkinum og Facebook-slóðina hans og lofuðu að skila því til mín,“ segir Þóra Þorsteinsdóttir, önnur stúlkanna sem Geoffrey leitaði að.

„Þegar ég heyrði af þessu sendi ég honum strax skilaboð og bauð honum í bollukaffi daginn eftir,“ segir Þóra. „Ég og Hugrún vinkona mín kynntumst honum þegar við vorum á frönskunámskeiði í París árið 1998 og bjuggum með honum á hálfgerðu stúdentaheimili. Við vorum ekki nema tvítug og það er langt um liðið, en þetta var eftirminnilegur tími. Það var æðislegt að hitta hann aftur. Hann er svolítið ævintýragjarn, sem sést á þessu litla leikriti sem hann setti upp til að hafa upp á okkur. Því miður er Hugrún í Bandaríkjunum núna, en öll



ENDURFUNDIR Þóra bauð Geoffrey í fjölskylduboð þar sem þessi mynd var tekin. MYND/ÚR EINKASAFNI

fjölskyldan mín tók á móti honum. Hann var alveg í skýjunum yfir því að þetta virkaði,“ segir Þóra. -ue



FÁÐU FORSKOT MEÐ FRÆÐSLU

FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

MENNING

Eldraunin eftir Arthur Miller
– Tímalaust meistaraverk um tortryggni, ótta, hatur og ást
skráningarfrestur til 25. mars

Spámennirnir í Botnleysufirði: Meistaraverk Kim Leine,
handhafa Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs
skráningarfrestur til 26. mars

Hulin spor – námskeið um íslenska fornleifafræði fyrir almenning
skráningarfrestur til 27. mars

Jarðskjálftar á Íslandi
skráningarfrestur til 31. mars

STARFSTENGD HÆFNI

Grunnatriði í verkefnastjórnun
skráningarfrestur til 20. mars

WordPress II - Framhaldsnámskeið
skráningarfrestur til 25. mars

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
skráningarfrestur til 25. mars

Critical thinking
skráningarfrestur til 31. mars

Innkaup og birgðastýring
skráningarfrestur til 1. apríl

UPPELDI OG KENNSLA

Leikur að bókum
skráningarfrestur til 21. mars

Vefsmíðar og vefmiðlun – Notkun upplýsingatækni í skólafunni
skráningarfrestur til 24. mars

Einstaklingsmiðuð úrræði til að draga úr erfiðri hegðun ungra barna
skráningarfrestur til 31. mars

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Meðferð mjóbaksverkja – Hvað er til ráða?
Hvað tekur við þegar læknisfræðin sleppir?
skráningarfrestur til 21. mars

Blóðsjúkdómar
skráningarfrestur til 26. mars

Geðrof (psykosis) – greining og meðferð
skráningarfrestur til 27. mars

Erfðabreyttar lífverur á allra vörum
skráningarfrestur til 31. mars

UPPLÝSINGATÆKNI

Prófun hugbúnaðar – réttindapróf
(e. Software Testing – ISTQB Foundation Level)
skráningarfrestur til 21. mars

Prófun hugbúnaðar – réttindapróf
(e. Software Testing – ISTQB Advanced Level)
skráningarfrestur til 21. mars

Stjórnun upplýsingaöryggis (ISO 27001)
skráningarfrestur til 25. mars

STJÓRNUN OG FORYSTA

Building practical skills for leading others
haldið 13. mars

Grunnatriði stjórnarsetur
– hagnýtt námskeið fyrir nýja og verðandi stjórnarmenn fyrirtækja
skráningarfrestur til 17. mars

Fyrirtækjarekstur – lagareglur sem snerta daglegan rekstur félaga
skráningarfrestur til 24. mars

Stjórnun vörustefnu
skráningarfrestur til 25. mars

Fjarvistastjórnun: Áhrif veikindafjarvista á vinnustað
og aðgerðir til úrbóta
skráningarfrestur til 26. mars

Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda
skráningarfrestur til 3. apríl

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Excel I
skráningarfrestur til 25. mars

Excel fyrir bókara
skráningarfrestur til 26. mars

Innskattur: Uppgjör og skil virðisaukaskatts
skráningarfrestur til 27. mars

Gerð viðskiptaáætlana
skráningarfrestur til 3. apríl

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Opinber innkaup – helstu breytingar í lagaumhverfi
skráningarfrestur til 27. mars

Raki og mygla í byggingum:
Fyrirbyggjandi aðgerðir, uppbygging og lagfæringar
skráningarfrestur til 1. apríl

BIM aðferðarfræðin: Ávinningur, hönnun og ferli
skráningarfrestur til 3. apríl

PERSÓNULEG HÆFNI

Kvíði barna og unglunga - foreldranámskeið
skráningarfrestur til 19. mars

Næring og heilsa, hverjum á ég að trúa?
skráningarfrestur til 19. mars

Fáðu krydd í tilveruna: Námskeið um ræktun kryddjurta
skráningarfrestur til 26. mars

Að verða betri en ég er – að ná hámarksárangri í lífi og starfi
skráningarfrestur til 26. mars

Trjárækt á sumarhúsalóðum
skráningarfrestur til 1. apríl

FERÐAÞJÓNUSTA

Markaðssetning í ferðaþjónustu: Markaðsaðgerðir
skráningarfrestur til 24. mars

SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Taktlausir ráðherrar

Vandræðaleg lekamál hafa sett mark sitt á árið 2014, en um helgina bættist eitt við, því ársráðgjafarband Stjórnarráðsins lak á netið. Þar afhjúpaðist lítil dansfimi ráðherra. **Margrét Erla Maack** fann sig í kjölfarið knúna til að bjóða ráðherrunum upp á ókeypis danskenntu, og Bjarni Benediktsson gerði þessa krísu stjórnarinnar að umtalsefni í ársráðgjafarræðu. „Ég held það þurfi aðeins að kenna þessu fólki um takt og taktleysi,“ sagði Margrét í samtali við Fréttablaðið.



- ue

Belfast til Barcelona

„Sónar er öðruvísi því það er ein af fáum hátíðum sem ég er sjálfur spenntur fyrir að fara á til að sjá aðrar hljómsveitir,“ segir **Árni Rúnar Hlökkversson**, einn meðlima FM Belfast. Hljómsveitin mun spila á Sónarhátíðinni í Barcelona, sem haldin verður dagana 12.-14. júní.

Árni segir sveitina hafa fengið boð frá skipuleggjendum Sónar um að spila á Spáni stuttu áður en hún spilaði á Sónarhátíðinni í Reykjavík fyrr í vetur. Á döfinni er þriggja vikna tónleikaferðalag í maí. Yfir sumarmánuðina flyst hljómsveitin svo til Berlínar og ferðast þaðan á evrópskar tónlistarhátíðir. - eb



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Grútspældir og reiðir viðskiptavinir IKEA
- 2 Hátt í sjötíu björgunarsveitarmenn leita Kristins
- 3 Diet Coke hættir
- 4 „Bjórrottan“ sendir þingmönnum skilaboð
- 5 „Ísland: Hvernig gat þetta gerzt?“

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla



Iceland

WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

WOW SUMMAR FLUG & HÓTEL

COSTA BRAVA - 7 NÆTUR

FRÁ

82.900 KR.

BENIDORM - 7 NÆTUR

FRÁ

80.900 KR.

wowair.is

WOW MOMENT Fórum (með WoW) í ógleymanlega sólarlandaferð þar sem gleði og hamingja réðu völdum.
Kristín Eva Geirsdóttir

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI
LÖFÖRD WOW
BREIÐASTA BROSID NÝRRI VÉLAR